

„Hann vissi hvað var veruleiki og hvað ekki“

Gotnesk samfélagsádeila í skáldsögunni
Börnin í Húmdölum eftir Jökul Valsson¹

„Þau geta ekki trúað okkur“

Brynja dró djúpt andann. „Ég held að þegar maður verður fullorðinn, þá verði hugurinn fastur og ef eitthvað gerist sem á ekki að geta gerst, þá bara brotni eitthvað. Það er þess vegna sem þau vilja ekki trúað okkur, Nonni, af því að þau geta það ekki. Þau geta ekki trúað okkur án þess að verða skritin í hausnum.“²

Svo kemst sögupersónan Brynja að orði í samræðum við Nonna vin sinn í skáldsögunni *Börnin í Húmdölum* eftir Jökul Valsson frá árinu 2004. Brynja er einungis 7 ára gömul þegar hún áttar sig á því að yfirnáttúruleg ógn vofir yfir henni, vinum hennar og nágroñnum. Hún veit að enga hjálp er að finna hjá hinum fullorðnu þar sem þeim er ómögulegt að samþykkja hvers kyns yfirskilvitlega þekkingu – og ef þau reyna verða þau „skritin í hausnum“ (130). Þessa uppgötvun Brynju má vel setja í samhengi við kenningar Sigmund Freud, upphafsmanns sálgreiningar (e. *psychoanalysis*), um mótstöðu og bælingu.³ Þær byggja á þeim

¹ Greinin er unnin upp úr BA-ritgerð í íslensku sem ber titilinn „Þau geta ekki trúað okkur án þess að verða skritin hausnum“. Gotnesk samfélagsádeila í verkinu *Börnin í Húmdölum*. Leiðbeinandi var Sigrún Margrét Guðmundsdóttir og fær hún bestu þakkir fyrir. Sérstakar þakkir fær Alda Björk Valdimarsdóttir fyrir vandaða ráðgjöf og handleiðslu við greinaskrifin ásamt því sem Guðrúnu Steinþórsdóttur er þakkað fyrir góðan yfirlestur og gagnlegar athugasemdir.

² Jökull Valsson, *Börnin í Húmdölum*, Reykjavík: Bjartur, 2004, bls. 130. Vísað verður til skáldsögunnar með blaðsíðutali innan sviga í meginmáli hér eftir.

³ Sigmund Freud, *Inngangsfyrirlestrar um sálkönnun. Síðara bindi*, þýðandi Sigurjón Björnsson,



grundvelli að innan sálarlífsins megi finna dulvitund sem geymi hið ómeðvitaða í huga mannsins. Dulvitaðar upplýsingar geta færst yfir í vitundina en fyrst þurfa þær að hafa viðkomu á svæði hins forvitaða. Þar getur hins vegar leynst mótstaða frá duldum öflum sjálfins sem þvinga hið sálræna ferli til baka. Þetta kallast bæling sem er í raun sjúklegt sálarferli sem enn er hlaðið orku þegar það færst aftur yfir í dulvitundina. Það inniheldur þó engar minningar því bælingin á sér stað utan vitundar sjálfins. Þegar ferlið raskast á slíkan hátt getur það valdið geðrænum truflunum einstaklingsins sem erfitt er að nálgast eða uppræta.⁴ Útskýring Brynju á sér því ákveðinn samhljóm í bælingarferlinu að því leyti að hið yfirnáttúrulega verður táknrænt fyrir hið bælda innra með einstaklingnum og áminning um tilveru þess kemur sálarlífinu úr jafnvægi, sem veldur því að „þá bara brotn[ar] eitthvað“ (130).

Með þessar kenningar til hliðsjónar mætti segja að hin yfirvofandi ógn í skáldsögu Jökuls sé táknræn fyrir allt það sem fullorðna fólk söguheimsins hefur bælt niður en börnunum tekst að draga fram í vitundina. Varnarhættir sjálfins, sem ábyrgir eru fyrir bælingunni, veita mótstöðu gagnvart vissum dulvituðum sálarferlum í þeim tilgangi að hleypa ekki að hvötum sem fara gegn eigin siðgæði.⁵ Alla jafna hefur þetta því gagnleg áhrif en getur einnig haft neikvæðar afleiðingar og komið í veg fyrir að einstaklingurinn geti meðtekið óbærilega vitneskju. Af slíku er nóg að taka í umhverfi Brynju og vina hennar og ekki bara af yfirskilvitlegum toga. Hún býr í blokkinni Húmdölum en þar viðgengst ýmiss konar misferli sem enginn virðist vilja viðurkenna eða bæta úr. Börnin eru þau sem helst líða fyrir ástandið en það eru einnig þau sem enda á að þurfa að berjast upp á líf og dauða við yfirnáttúruleg öfl. Hliðstæðu má sjá í bardaga þeirra fyrir öryggi allra íbúa og baráttu þeirra fyrir betra lífi og framtíð, sem meðal annars felst í því að fletta ofan af öllu því sem amar að.

Hér er fjallað um skáldsöguna *Börnin í Húmdölum* og gotnesk skáldskapareinkenningu hennar. Sögu sviðið er sett í samhengi við reimleikahúsið í bókmenntum og kvikmyndum og vísað er til samfélagslegrar umræðu er varðar stéttaskiptingu, búsetu og misjöfn tækifæri barna. Við greininguna er notast við kenningar sálgreiningar ásamt því sem verkið er lesið í samhengi við almenna umfjöllun um ofbeldi gegn börnum á útgáfutíma bókarinnar. Kenningar um hið gotneska barn

Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1996, bls. 310–326. Hér er vísað í 19. fyrirlestur Freud frá árinu 1917 sem ber yfirskriftina „Mótstaða og bæling“. Þó skal það tekið fram að Freud fjallaði víða um bælingu og mótstöðu sjálfins í tengslum við geðræn veikindi, dulvitund og fleira.

⁴ Sama rit, bls. 318–321.

⁵ Sama rit, bls. 320–321.

eru kynntar og fjallað er um hvernig staða aðalpersónanna inni á eigin heimilum afhjúpar blindni foreldranna og mismunandi birtingarmyndir óréttlætis í garð barna.

„Allar þessar sýktu hugarbylgjur“

Skáldsagan hefst á því að sagt er frá slæmum draumförum barnanna í Húmdölum og óhugnanlegum hljóðum sem þau verða vör við um nætur. Þetta reynast vera fyrirboðar hinna miklu hamfara sem síðar verða, sem er áhugavert í ljósi fyrri umræðu því samkvæmt Freud eru draumar gjarnan undir áhrifum frá hinu dulvitaða og bælda.⁶ Í ljós kemur að dularfulli drengurinn Ísak á hlut að máli í því sem koma skal. Hann býr við þá bölvun að draga til sín allar neikvæðar tilfinningar í nærumhverfinu, „allar þessar sýktu hugarbylgjur, alla þessa reiði, alla þessa gremju og ótta“ (275), líkt og amma hans útskýrir. Hughrifin safnast saman innra með honum og mynda lifandi ætli sem Ísak kastar að lokum upp. Ætlið tekur sér bólfestu í „innyflum“ blokkarinnar eða milliveggjum hennar, vex þar og verður að gríðarstóru skrímsli með því að nærast á öllu því misjafna sem þar þrífst. Ófreskjan verður því holdgerð birtingarmynd hins bælda vanda sem leynist víða inni á heimilum sögupersónanna.

Eftir því sem skrímslið stækkar fer græðgi þess að kalla á mannlegar fórnir og ræðst það fyrst að þeim sem veikastir eru fyrir; til dæmis einbúum, fíklum og börnum; og sem ekki eru tekin trúanleg komist þau undan. Ófreskjunn stendur raunar ógn af barnahópnum þar sem tilkoma hennar í blokkinni veitir þeim yfirnáttúrulega krafta, sem innan söguheimsins kallast „fjarskynjunarhæfileikar“. Í þeim felst að með hugarorkunni einni saman geta krakkarnir skyndilega flogið, stjórnað öðrum, lyft heilu bílförmunum og jafnvel sprengt manneskjur í tætlur. Ísak hefur búið yfir slíkum mætti frá unga aldri og er þessi eiginleiki ástæðan fyrir því að hann getur af sér þann óhugnað sem skrímslið reynist. Amma hans útskýrir að þetta stafi af „næmni“ hans og segir Brynju og Nonna að börn séu næm „í mun ríkara mæli en fullorðnir. Í raun má segja að öll börn séu næm þótt sum séu næmari en önnur“ (265). Krakkarnir átta sig á því að þau ein geta ráðið niðurlögum ófreskjunnar og þar af leiðandi bjargað samfélagi blokkarinnar.

Líkt og söguefnið gefur til kynna er skáldsagan *Börnin í Húmdölum* hryllings-saga þar sem mörk veruleikans eru á reiki og persónur efast um eigin skynjun frammi fyrir yfirnáttúrulegum atburðum.⁷ Hrollvekjan sem bókmenntagrein er

⁶ Sama rit, bls. 321.

⁷ Dagný Kristjánsdóttir bókmenntafræðingur bendir á í umfjöllun sinni um skáldsöguna *Kóralinu* eftir Neil Gaiman að ekki sé nóg að frásagnir taki á sig yfirnáttúrulegan blæ til

runnin undan rifjum gotneskrar skáldskaparhefðar sem á ýmislegt sammerkt með kenningum sálgreiningar. Í gotneskum sögum verður hið ótrúlega að veruleika og gefur ýkt umfjöllunarefnið gjarnan færi á annars konar rýni en þær frásagnir sem hlýða viðteknum náttúrulögmálum. Hið gotneska hverfist um óvissuna sem skapast gagnvart því örökrétta en það gerir sálgreining sömuleiðis með því að leggja áherslu á hið tilviljanakennda eða ókennilega í upplifun einstaklingsins, þegar sannfæring hans og skynjun fara ekki saman.⁸

Innan söguviðs hryllingssagna afhjúpast tveir ólíkir heimar. Annar þeirra er hinn gefni og kunnuglegi heimur sem lesendur kannast við en í hinum verður hið yfirnáttúrulega að veruleika og ókennilegir atburðir eiga sér stað. Sögupersónur standa hikandi frammi fyrir þeim síðarnefnda en þurfa að lokum að taka í sátt að báðir séu þeir raunverulegir. Það þurfa lesendur sömuleiðis að gera en raunseissýn hrollvekjunnar felst í því að ögra mörkum veruleikans um leið og ljósi er varpað á blekkingar og óréttlæti samfélagsgerðarinnar sem bókmentatextinn sprettur úr. Þá eru lesendur gerðir að þátttakendum í sögunni með því að vekja upp samkennd þeirra með persónunum og ótta gagnvart söguefninu.⁹ Gotneskur skáldskapur tekur gjarnan til umræðu það sem áður hefur legið í þagnargildi og felur í sér samfélagslega rýni.¹⁰ Sú mynd sem dregin er upp í verkinu *Börnin í Húmdölum* af Þjóðfélaginu í útjaðri höfuðborgarinnar við upphaf 21. aldarinnar felur í sér ríka ádeilu á samfélag þess tíma þar sem sjónum er beint að stöðu barna. Í forgrunni skáldsögunnar glíma sögupersónurnar við ógurlegt skrímsli en á sama tíma leynist mun nærtækari ógn í bakgrunni sem vekur ekki síður upp óhug lesenda; heimilisaðstæður barnanna og varnarleysi.

Gotneskar frásagnir krefjast hugsunar og hugrekks af lesendum sínum og

þess að þær teljist til hryllingssagna. Dagný vísar í skilgreiningu Tzvetan Todorovs um muninn á fantasíum og hrollvekjum sem segir að í þeim síðarnefndu þurfi sögupersónur að efast um sannleiksgildi hinna undarlegu atburða sem eiga sér stað en taka þeim að lokum sem gefnum svo ótti þeirra sé raunverulegur. Dagný Kristjánsdóttir, „Kóralína og mæður hennar. Um vandkvæði þess að skipta um móður í *Kóralínu* eftir Neil Gaiman“, *Ritið* 1/2021, bls. 81–102, hér bls. 85–86.

⁸ Michelle Massé, „Psychoanalysis and the Gothic“, *A New Companion to the Gothic*, ritstjóri David Punter, Chicester: Blackwell Publishing, 2012, bls. 307–320, hér bls. 308. Massé tekur nokkur dæmi um hvernig þetta getur komið fram, líkt og með mismæli, dagdraumum og misskilningi í samskiptum við aðra vegna eigin langana.

⁹ Guðni Elísson, „Dauðinn á forsiðunni – DV og gotnesk heimssýn“, *Skírnið* 1/2006, bls. 105–132, hér bls. 120–124.

¹⁰ Bókmenntafræðingurinn David Punter segir í inngangskafli greinasafns sem fjallar um gotneska skáldskaparhefð að frá upphafi hafi hið gotneska verið nátengt samfélagslegri umræðu og jafnvel tekið fyrir vandamál henni tengdri. David Punter, „Introduction. The Ghost of a History“, *A New Companion to the Gothic*, ritstjóri David Punter, Chicester: Blackwell Publishing, 2012, bls. 1–9, hér bls. 4.

eru uppfullar af spennu sem þrýstir á mörk þöggunar í erfiðum málum. Óttinn við ófreskjuna í sögu Jökuls og afneitun hinna fullorðnu á tilvist hennar á sér hliðstæðu í bælingu samfélagsins gagnvart illri meðferð á börnum. Í skáldsögunni er óréttlætið sem börn geta orðið fyrir í umsjá foreldra sinna afhjúpað; áhugaleysi, vanræksla, ofbeldi og fleira. Fullorðna fólkið í sögunni er blint á eigin aðstæður og er lesandinn vakinn til umhugsunar um hverju hann lítur fram hjá í eigin samfélagi. Í sögunni má einnig finna ýmis textatengsl og vísanir í verk sem fela í sér sambærilegan boðskap, bæði aðrar hryllingsfrásagnir og ævintýri á borð við *Rauðhettu* og *úlfinn* og *Hans og Grétu*.¹¹ Vert er að skoða þá þræði betur og huga sérstaklega að gotneskum einkennum skáldsögunnar.

„*Heimur út af fyrir sig*“

Gotneska skáldsagan kom fram á sjónarsviðið upp úr miðri 18. öld og lagði grunninn að hryllingssagnahefðinni.¹² Erfitt er að henda reiður á nákvæma merkingu hins gotneska í skáldskap enda er það víðfeðmt hugtak sem lýsir sérkennum og áhrifum sem enn eru fyrirferðamikill í hryllingsbókmenntum nútímans. Samkvæmt bókmenntafræðingnum Guðna Elíssyni fylgja gotneskar skáldsögur gjarnan fastmótuðum frásagnarformúlum með stöðluðum hlutverkum og dæmigerðri sviðsetningu. Aðalsborin illmenni, ofsóttar ungmeyjar og fornir kastalar í framandi fortíð eru hefðbundin einkenni í frásögnum af þessu tagi og sögu sviðið er bæði myrkt og leyndardómsfullt.¹³ Áhrif slíkra stúlbragða má finna í framsetningu söguheimsins í verkinu *Börnin í Húmdölum* sem hefst á því að blokkinni er líkt við „drungalegan kastala“, sem skuggi fjallanna hvílir yfir „sem eins og þöglir risar höfðu auga með hverfinu“ (7). Ísak tekur sér stöðu hins aðalsborna illmennis sem býr yfir valdi sem hann kann ekki að fara með og misheppnuð tilraun hans til að vingast við Brynju verður til þess að vekja áhuga skrímslisins á henni. Framandi fortíð Ísaks afhjúpast að lokum þegar Brynja og

¹¹ Samkvæmt bókmenntafræðingnum Sigrúnu Margréti Guðmundsdóttur er ævintýrið um *Hans og Grétu* gjarnan tengt við frásagnir um reimleikahús en síðar í greininni verða rök færð fyrir því að blokkinn í sögu Jökuls taki sér stöðu slíkrar byggingar. Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „Tveggja hæða hús á besta stað í bænum“. Um *Húsið* eftir Egil Eðvarðsson“, *Ritíð* 2/2019, bls. 135–172, hér bls. 160.

¹² Upprunaverk gotnesku skáldsögunnar er jafnan talið vera *The Castle of Otranto. A Gothic Story* eftir Horace Walpole frá árinu 1764 en hún lagði línurnar fyrir það sem á eftir kom innan bókmenntagreinarrinnar. Yvonne Leffler og Johan Höglund, „The Past that Haunts the Present. The Rise of Nordic Gothic“, *Nordic Gothic*, ritstjóri Maria Holmgren Troy, Johan Höglund, Yvonne Leffler og Sofia Wijkmark, Manchester: Manchester University Press, 2020, bls. 11–28, hér bls. 12.

¹³ Guðni Elísson, „Dauðinn á forsíðunni“, bls. 110–114.

Nonni krefja ömmu hans svara og í ljós kemur að innra með honum býr illska sem hann ræður ekki við og hefur þegar kostað móður hans lífið. Að þessu sinni eru allir íbúar Húmdala í mikilli hættu og hin ofsóttu Brynja neyðist til að sýna af sér mikið hugrekki til þess að hún og vinir hennar geti ráðið niðurlögum illskunnar sem á þau sækir.

Í gotneskum sögum má gjarnan finna dæmigerðar umhverfisaðstæður, tákni og minni, sem vekja samtímis upp ótta lesandans og kunnugleika. Í umfjöllun bókmenntafræðingsins Úlfhildar Dagsdóttur um skáldsögu Jökuls bendir hún á að textatengsl og vísanir í aðrar hrollvekjur séu höfuðeinkenni bókmenntagreinarinnar og ber hún *Börnin í Húmdölum* saman við ýmsar þekktar hryllingsfrásagnir. Hún minnst sérstaklega á höfundarverk metsöluhöfundarins Stephen King sem hefur óspart gert börn að aðalpersónum í sögum sínum í þeim tilgangi að auka á óhugnaðinn.¹⁴ Úlfhildur er með þessu ekki að gagnrýna skrif Jökuls eða gefa í skyn ófrumleika á nokkurn hátt heldur benda á að þau sverji sig í ætt við hrollvekjuhéðina „sem þrífst á „sjálfsáti“ ef svo má segja.“¹⁵

Hið gotneska er löngu orðið að orðræðu í vestrænni menningu nútímans og mikilvægt er að hafa í huga að frásagnarfræðilegir þættir einir og sér nægja ekki til að skilgreina slíka skáldskaparlist.¹⁶ Líkt og Guðni bendir á er „gotneska [...] fyrst og fremst miðlunarform ofbeldis og ótta“¹⁷ og að baki henni býr ákveðin heimssýn, hugsun og skilningur. Hlutverk myndmálsins í hryllingssögum er að afhjúpa innri spennu frásagnarinnar þar sem bæling og undanbrögd eru í

¹⁴ Í viðtali árið 2004 er Jökull inntur eftir svörum um meint áhrif hrollvekjuhöfundarins Stephen Kings á skáldsöguna þar sem hann segist ekki ætla sér að feta í fótspor hans. Afstaða hans gæti verið tilkomin vegna þess að skáldskapur af þessu tagi hefur í gegnum tíðina mætt fordómum og ekki verið tekinn eins alvarlega og aðrar raunsærri bókmenntagreinar. „Verður ekki íslenskur Stephen King“, *Fréttablaðið*, 14. nóvember 2004. Í umfjöllun Úlfhildar um skáldsögu Jökuls segir til að mynda: „Tegundabókmenntir svokallaðar eða bókmenntagreinar („genre“) hafa aldrei þótt finn pappír, ekki erlendis og allsekki hérlandis.“ Úlfhildur Dagsdóttir, „Börnin í Húmdölum“, *Bókmenntaborgin*, nóvember 2004, sótt 28. febrúar 2023 af <https://bokmenntaborgin.is/bokmenntavefur/bokmenntaumfjollun/bornin-i-humdolur-0>. Samfélagsleg rýni virðist Jökli þó hugleikin líkt og sjá má á seinna skáldsögu hans, *Skuldadagar* (2006). Í viðtali eftir útgáfu hennar segir Jökull að hann vilji losna undan því að teljast til hrollvekju-fantasiuhöfunda en lýsing hans á seinna verkinu gæti allt við þá fyrri: „Ég vildi skrifa bók sem fjallar um hugarástandið í samfélaginu á Íslandi í dag.“ Hávar Sigurjónsson, „Samfélag á kafi í neyslu“, *Morgunblaðið*, 18. nóvember 2006.

¹⁵ Úlfhildur Dagsdóttir, „Börnin í Húmdölum“. Sem dæmi um líkindi og tengsl við skáldsögu Jökuls nefnir Úlfhildur höfundinn Ramsey Campbell, skáldsöguna *The Fury* eftir John Farris og myndasöguna *Domu* eftir Katsuhiro Otomo.

¹⁶ Guðni Elísson, „Dauðinn á forsiðunni“, bls. 114.

¹⁷ Sama rit, bls. 115.

brennidepli og alvarlegur glæpur leynist í kjarna sögunnar „sem rekja má til óbeislaðrar kynhvatar.“¹⁸ Myndmálið í *Börnunum í Húmdölum* er skýrt og ófreskja söguheimsins er bókstaflega sköpuð úr misgjörðum fullorðna fólksins sem ekki tekst að skapa sér og sínum öruggt umhverfi. Glæpurinn felst í barneignum foreldranna sem valda ekki ábyrgð sinni sem slíkir og láta eigin skapgerðarbresti ganga fyrir velferð barnanna. Slíkar uppeldisaðferðir verða til þess að börnin þurfa að sýna mikinn styrk og sjálfstæði sem reynist þeim vel í baráttunni við skrímslið en undir niðri kraumar ööryggi þeirra og óvissan um hvort foreldrarnir komi þeim í hættulegar aðstæður.

Ótti er veigamikilð atriði í upplifun lesenda hryllingssagna og segir bókmenntafræðingurinn Ellen Moers hann vera hið eiginlega einkenni gotnesks skáldskapar. Lesandinn þarf að finna fyrir hinni yfirvofandi ógn á eigin skinni og skáldskapur af þessu tagi á að vekja upp raunverulega hræðslu og líkamleg óttavíðbrögð.¹⁹ Til þess að svo verði þurfa lesendur að taka söguheiminn í sátt og upplifa hættuna með sögupersónum. Í því skyni getur verið gagnlegt fyrir lesendur að skynja að í fyrstu hneigjast persónur að því að afneita ógninni og reyna að sannfæra sig um að hún sé ekki raunveruleg. Slíkt getur liðkað fyrir samsvörun lesenda sem sjálfir taka ekki yfirnáttúrulegum atburðum sem gefnum. Sömu leiðis geta þeir kannast við þá tilfinningu að vilja bægja frá sér óþægilegum upplýsingum líkt og Nonni vinur Brynju reynir að gera þegar börnin fara að bera saman bækur sínar og komast að því að ekki er allt með felldu, eins og hér segir:

Auðvitað voru þær að ljúga. Þær voru bara að gera gys að honum, vildu fá hann til að líta út eins og hræðslupúka. Hann ætlaði aldrei að tala við þær aftur. Honum ofbauð allar þessar fátánlegu sögur þeirra. [...] Nonni trúði ekki orði af þessu bulli. Hann vissi hvað var veruleiki og hvað ekki (59).

Nonna reynist auðveldara að sannfæra sjálfan sig um að vinkonur hans, Brynja og Eydís, séu að ljúga að honum en að viðurkenna að eitthvað hættulegt og ofar hans skilningi leynist í hóbýlum þeirra. Sjálfsblekkingin dugir þó ekki lengi því skömmu síðar neyðist hann til að viðurkenna hryllinginn. Ótti hans raungerist þegar hann stendur augliti til auglits við ófreskjuna í eigin svefnherbergi og upplifun hans er komið skýrt til skila til lesenda:

¹⁸ Sama rit, bls. 111.

¹⁹ Ellen Moers, „Female Gothic. The Monster’s Mother“, *The New York Review of Book*, 21. mars 1974, sótt 5. mars 2023 af <https://www.nybooks.com/articles/1974/03/21/female-gothic-the-monsters-mother/>.

Skelfingin sem greip hann var svo kröftug að það var eins og færi um hann raflost. Hann reyndi að öskra en hljóðið festist í hálsi hans. [...] Nonni fann fyrir heitri bleytu í klofinu, fann hvernig veruleikinn skildi við hann og myrkið varð algjört. Hann féll aftur fyrir sig og inn í meðvitundarleysið (86).

Sálarangist Nonna er algjör þegar hann stendur andspænis skrímslinu og hann virðist ekki eiga neitt líkamlegt né andlegt mótsvar gagnvart tilfinningunni sem grípur hann. Árið 1919 gerði Freud ótta að umfjöllunarefni í riti um *hið ókennilega* (þýs. *das Unheimliche*, e. *the uncanny*).²⁰ Þar tekur hann til umræðu samtál sitt við geðlækninn Ernst Jentsch sem taldi óútskýrðan ótta eiga rætur sínar að rekja til hins óþekktta. Þessu andmælir Freud í grein sinni og færir rök fyrir að óútskýrður ótti, eða ókennileikatilfinning, stafi af þekkingu sem einstaklingurinn hefur bælt niður í dulvitundina og kannast því við á ómeðvitaðan hátt.²¹ Með það til hliðsjónar eru viðbrögð Nonna enn athyglisverðari. Ótti hans er vissulega útskýranlegur; hann stendur frammi fyrir skrímslinu sem hann hefur reynt að afneita, en engu að síður umlykur einhver ókennileiki aðstæðurnar. Frammi fyrir skepnunni fellur hann í yfirlið, eða „inn í meðvitundarleysið“ (86), líkt og hann geti ekki samþykkt tilvist þess í eigin vitund. Túlka mætti ófreskjuna sem hið bælda sem reynir að brjóta sér leið út úr dulvitundinni en ókennileikinn sem því fylgir verður Nonna um megn.

Bókmenntafræðingurinn David Punter segir að gotneskur skáldskapur glími við það ókennilega í upplifun lesandans.²² Þá feli ókennileiki í sér ásókn fortíðarinnar og bælingu sem jafnan á í tengslum við slæmar minningar eða tráma. Slík upplifun vekur upp ótta eða í það minnsta þá tilfinningu að einstaklingurinn ætti að vera óttasleginn þrátt fyrir að hann geri sér ekki endilega grein fyrir hvers vegna.²³ Ýmsir aðrir bókmenntafræðingar hafa túlkað þessa skilgreiningu Freud, þar á meðal Nicholas Royle sem segir að hið ókennilega sé sambland af

²⁰ Sigmund Freud, „Hið óhugnanlega“, *Listir og listamenn*, þýðandi Sigurjón Björnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004, bls. 191–239. Í sérstökum inngangi þýðanda tekur Sigurjón fram að notast sé við þýðinguna *hið óhugnanlega* fyrir hugtakið *das unheimliche* en viðurkennir um leið vankanta þýðingarinnar sem ekki tekst að koma tvíræðri merkingu hugtaksins nægilega vel til skila. Sama rit, bls. 193. Hér verður notast við þýðinguna *hið ókennilega* líkt og hefð hefur skapast fyrir meðal bókmenntafræðinga hér á landi á undanförunum árum. Sjá til dæmis Dagný Kristjánsdóttir, „Kóralína og mæður hennar“, bls. 81–102, ath. sérstaklega bls. 91.

²¹ Sigmund Freud, „Hið óhugnanlega“, bls. 225–232.

²² David Punter, „Introduction“, bls. 2.

²³ David Punter, „The Uncanny“, bls. 130–136.

hinu kunnuglega og ókunnuglega, draugalegt og í tengslum við hið dularfulla og undarlega. Það feli sömuleiðis í sér óvissu einstaklingsins gagnvart upplifun hans á eigin veruleika og sjálfi,²⁴ sem ætla má að eigi hlut að máli í viðbrögðum Nonna við skrímslinu.

Ókennileikinn er alltumlykjandi í *Börnunum í Húmdölum* og felst hann ekki síst í því hvernig núturlegum lýsingum á heimilisaðstæðum barnanna er fléttað inn í hina hryllilegu frásagnarframvindu. Barátta barnanna við hið ógurlega skrímsli er lífshættuleg og erfið en undir niðri kraumar sú ókennilega tilfinning lesandans að uppeldið og atletið sem þau njóta sé hin raunverulega ógn sem þarf að meðtaka og varast. Foreldrarnir hafa brugðist og eru ekki færir um að veita börnum sínum viðeigandi vernd en samfélagið hefur sömuleiðis sofnað á verðinum. Inni í þessum svefnheimi eru krakkarnir innilokaðir og sögusviðið endurspeglar það með vísun í ævintýrið um *Þyrnirós*. Líkt og í sögunni af konungsríkinu sem sefur heila öld afmarka þyrnirunnar svæði barnanna í Húmdölum:

Lágreistur, breiður múr, sem teygði sig frá öðrum armi blokkarinnar til hins, skildi garðinn frá bílastæðunum. Ofan á múrnum var moldarbed með þyrnigerði. Börnunum hafði flestum verið stranglega bannað að fara út á bílaplanið og því mörkuðu þyrnirunnarnir og múrinn endamörk þess svæðis sem þeim var leyfilegt að halda sig á. Garðurinn var heimur út af fyrir sig, aðskilinn frá umheiminum að öllu leyti [...] (7).

Yfirbragð söguheimsins sem Brynja og vinir hennar tilheyra stendur íslenskum lesendum nærri. Löng hefð er fyrir því að höfundar norrænna bókmennta skrifi tegundabókmenntir, líkt og gotneskar hryllingssögur, og yfirfæri sögusviðið á slóðir þeim kunnari.²⁵ Þekkt minni í sögusviði gotneskra sagna eru fornir kastalar, klausturrústir og grafhvelingar,²⁶ sem ekki eru sannfærandi í umhverfi norðurslóða. Þess í stað skapar ótamin náttúran og auðnin hina drungalegu sviðsetningu í norrænum sögum. Myndmál hins opna berangurs vekur kennd innilokunar og sögupersónunnar renna saman við óendanlegt umhverfið.²⁷ Náttúruöflin kveikja upp óhugnaðinn í upplifun lesandans og slík stúlbrögð má sjá í framsetningu söguheimsins í kringum Húmdali. Blokkin stendur á jaðri borgarinnar og nálægðin við mosagróid hraunið og dökk, tignarleg fjöllin minnir á það

²⁴ Nicholas Royle, *The Uncanny*, Manchester: Manchester University Press, 2003, bls. 1–2.

²⁵ Yvonne Leffler og Johan Höglund, „The Past that Haunts the Present“, bls. 12.

²⁶ Guðni Elísson, „Dauðinn á forsiðunni“, bls. 110.

²⁷ Yvonne Leffler og Johan Höglund, „The Past that Haunts the Present“, bls. 25.

að sögupersónurnar standa á mörkum siðmenningarinnar þar sem stutt er í hið villta eðli mannsins. Óbyggðunum fylgir dulúð enda liggur „þunn þokuslæða [...] yfir hrauninu og skygg[ir] á fjöllin“ (8).

Hinu gotneska andrúmslofti er einnig komið til skila með íslenskum hætti þar sem er vísað til þeirra veðurbreytinga sem haustið getur haft í för með sér þegar sólardögum fækkar og grámi og þyngsl taka yfir. Sagan á sér stað í ágústmánuði en strax frá upphafi er lesendum gert það ljóst að hann er allt annað en notalegur. Í raun eru dagarnir „grámyglulegir og næturnar dimmar undir þungskýjuðum himni“ (8). Frekari vísun í veðurfarið kemur fram í draumi Brynju þar sem hún sér „risavaxið, svart ský sem breiddi úr sér og hreyfðist hratt í átt að blokkinni. Og það var allt á iði, líkt og eitthvað væri að brjótast um innan í því“ (62). Þessi martröð reynist vera fyrirboði sem rætist því í lokabardaga barnanna við ófreskjuna birtist skýið fyrir ofan fjallstindana og stefnir á blokkina (290).²⁸

Þótt óveðrið eigi upptök sín í óbyggðunum er ekki þar með sagt að illskan spretti þaðan. Þvert á móti reynist náttúran gríðarstaður þeirra sem samfélagið útskúfar líkt og sjá má í sögulok þegar Ísak og undarlega veran Dúi leggja á flóttu út í öræfin. Þeir þykja óþægilegir og eru fordæmdir fyrir voðaverkin sem þeir fremja, án þess að tekið sé tillit til hinna hörmulegu aðstæðna þeirra. Tilvist þeirra rúmast ekki innan samfélagsgerðarinnar, þeir eru bæði þolendur og gerendur, og þeir flýja inn í þögnina, eða þöggunina, þar sem menningunni stendur ekki lengur ógn af þeim. Ísaki er kennt um illvirki skrímslisins en í raun og veru er hann jafn mikið fórnarlamb þess og allir aðrir. Sköpun skrímslisins er á ábyrgð allra íbúa blokkarinnar, og þá sérstaklega hinna fullorðnu sem gerst hafa sekir um ýmiss konar misgjörðir.²⁹

Dúi er hins vegar skringileg vera sem drepur hóp af fólki á hryllilegan hátt og vekur upp ótta og skelfingu meðal þeirra sem mæta honum. Hann er risavaxinn en drengslegur og með augu á stærð við undirskálar sem bunga út úr höfð-

²⁸ Hér má nefna að Freud lagði mikla áherslu á draumráðningar. Taldi hann drauma vera farveg dulvitundarinnar og að greining þeirra leiddi í ljós ýmsar sálrænar flækjur mannsins. Hann sagði táknmálið sem birtist í draumum liggja til grundvallar ævintýrum og goðsögum og að tilkomu sköpunar þeirra mætti skýra með því að ákveðin einkenni drauma væru sameiginleg meðal manna. Sigmund Freud, *Um sálgreiningu*, þýðandi Maia Sigurðardóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1976, bls. 78–79.

²⁹ Tekið skal fram að Ísak er þó ekki alsaklaus þar sem hann stofnar Brynju og öðrum í hættu með ýmsum máta í gegnum söguna og notar til þess yfirnáttúrulega krafta sína. Hann þolir höfnun illa, hefur litla stjórn á reiði sinni og samskipti hans við krakkana gefa til kynna að hann búi ekki yfir mikilli félagslegri færni. Líkt og fjallað er um síðar í greininni hefur Ísak alist upp við mikla einangrun og vandasamar heimilisástæður sem getur að vissu leyti skýrt vafasamar gjörðir hans og illgirni.

inu á honum (178). Hann er frábrugðinn venjulegu fólki í útliti og stærð hans gefur til kynna að hann sé nautsterkur. Fæturnir eru kubbslegir og of stórir fyrir venjulega skó svo hann gengur um berfættur í röndóttum samfesting, sem gefur honum trúðslegt yfirbragð (66).³⁰ Ekki er að furða undarlega ásýnd hans enda er hann sprottinn úr ímyndunaraffli sjö ára barns og er til að byrja með ósýnilegur öllum öðrum. Drengurinn Hilmir, sem er bæði vanræktur heima fyrir og einmana, skapar Dúa í huga sér til þess að sækja til hans félagsskap og vináttu.³¹ Eftir að skrímslið hefur tekið sér bólfestu í blokkinni byrjar Dúi að breytast og mynda sinn eigin persónuleika sem veldur spennu á milli vinanna tveggja. Þegar Hilmir deyr svo á hörmulegan hátt í slagsmálum á milli vina móður hans vaknar reiði Dúa og holdgerist hann frammi fyrir morðingjunum:

Dúi leit upp, virti fyrir sér óttaslegin andlitin sem hurfu og birtust í flóktandi ljósinu og göptu á hann stóreyg. Það var þeim að kenna. Þetta andstyggilega fólk hafði valdið dauða eina vinar hans. Hilmir hafði legið undir þeim öllum og kafnað. Hægt og rólega breyttist sorg Dúa í reiði. Hann krepti saman hnefana og gaf frá sér lágt væl sem magnaðist upp þangað til það var orðið að háværur reiðisöskri. Síðan beygði hann sig niður, greip um höfuð hins skeggjaða félaga Ómars með stórri hendi sinni og kramdi það þannig að heyrðist hávært brot-hljóð og blóðið spýttist á milli fingra hans (282).

Það að Dúi breytist í skrímsli má túlka á þann veg að hinn ímyndaði vinur sé hluti af vandamálum Hilmis. Dúi verður tákmynd valdleysis og einangrunar drengsins frá öðrum börnum vegna aðstæðna hans. Hinum krökkunum í blokkinni finnst hann skritinn enda er Hilmir illa hirtur og situr einn úti í sandkassanum allan liðlangan daginn til þess að komast frá partústandi móður sinnar. Hann nær aldrei valdi á yfirnáttúrulegum mætti eða hugaraffli líkt og jafnaldrar

³⁰ Trúðslegt útlitið gerir Dúa ekki síst skelfilegan enda hafa trúðar gjarnan gegnt hlutverki illmennis í hrollvekjum nútímans. Nærtækasta dæmið þarf ekki að sækja lengra en til skáldsögunnar *It* (1986) úr smíðju Stephen King þar sem djöfullegi trúðurinn Pennywise eltir uppi börn og nærast á ötta þeirra.

³¹ Þrátt fyrir að röndótti búningurinn sé settur í samhengi við trúðslegt útlit í skáldsögunni vekur hann einnig upp hugrenningatengsl við klæðnað fanga. Til að byrja með er Dúi í raun fangi Hilmis þar sem hann er bundinn huga hans, ósýnilegur öðrum og hefur enga sjálfstæða hugsun né langanir. Í upphafi sögunnar eru drengurinn og ímyndaði vinur hans því í sömu stöðu, fangar aðstæðna sinna, og á meðan Dúa skortir viljann til frelsisins skortir Hilmi getuna. Að lokum öðlast þeir báðir frelsi, Hilmir í dauðanum og Dúi með dauða fangavardar síns.

hans og kraftar skrímslisins færast yfir til hins ímyndaða vinar sem hefnir dauða hans á hrottalegan hátt.

Óheft ofbeldið og tortúmingin sem Ísak og Dúi valda eru ekki orsök hinna hryllilegu atburða sem eiga sér stað í Húmdölum heldur sorgleg afleiðing þess misferlis sem þar á gengur. Hræðilegar gjörðir þeirra eiga upptök sín í afskiptaleysi samfélagsins af illri meðferð á börnum og blindni hinna fullorðnu fyrir þjáningum þeirra. Að lokum er eina lausn Ísaks og Dúa að yfirgefa hið spillta samfélag og leita á vit óbyggðanna, eða eins og segir í sögunni:³²

Þeir héldust í hendur og flugu upp með fjallshlíðinni þangað til þeir sáu yfir hæstu tindana. Handan við fjöllin breiddu öræfin úr sér svo langt sem augað eygði. Þeir svifu yfir tindana og héldu áfram beint af augum, án þess að líta til baka (312).

„Við hliðina á gríðarstórum sofandi rísa“

Allt frá upphafi hafa sögupersónur í gotneskum skáldskap verið lokaðar inni í drungalegum byggingum þar sem þær eru ásóttar af afturgöngum og öndum hinna framliðnu. Í gegnum tíðina hefur þó hinn gotneski kastali tekið breytingum og orðið veigameira reimleikahús sem hefur öðlast stöðu illmennis í sögunum.³³ Kastalinn hefur vikið fyrir byggingum af ýmsu tagi sem eiga það sameiginlegt að búa yfir sögu sem hefur eitthvað slæmt að geyma.³⁴ Reimleikahúsið er ávallt auðþekkjjanlegt og þegar það kemur fyrir vekur það upp óþægilega tilfinningu sem gefur til kynna að eitthvað ami að.³⁵ Slíkan blæ má finna á Húmdölum sem trónir yfir á „jaðri borgarinnar og r[í]s yfir nágrannablokkirnar efst uppi á

³² Sömmuleiðis væri hægt að túlka óæskileika Ísaks og Dúa á þann veg að þeir tákni skekkju í mörkum tímans þar sem báðir eru táknrænir fyrir sálræn áföll fortíðar sem raska nútíðinni. Líkt og Freud segir geta einstaklingar „fest“ við tiltekinn hluta fortíðar sinnar, eins og þeir hafi ekki megnað að losna frá honum og af þeim sökum hafi þeir verið firrtir frá nútíð og framtíð.“ Sigmund Freud, *Inngangsfyrirlestrar um sálkönnun. Síðara bindi*, bls. 296. Við sögulok hefur sú firring í tíma, sem Ísak og Dúi standa fyrir, verið gerð upp og tilfinningarnar, sem óréttlætið í garð barnanna vekur, hafa fengið sína útrás. Annars vegar með því að skrímslið er vegið og hins vegar með hefndinni á morðingjum Hilmis en í báðum tilfellum taka hin fullorðnu út refsingu og sum þeirra öðlast nýtt tækifæri til að takast á við eigin innri vanda. Ísak og Dúi hverfa því til óbyggðanna sem á sér hliðstæðu í því að hið uppgerða hverfi til dulvitundarinnar, en þó með möguleikanum á endurkomu þess óæskilega sé því leyft að dafna á nýjan leik.

³³ Dale Bailey, *American Nightmares. The Haunted House Formula in American Popular Fiction*, Madison: The University of Wisconsin Press, 1999, bls. 57–60.

³⁴ Dale Bailey, *American Nightmares*, bls. 59.

³⁵ Barry Curtis, *Dark Places. The Haunted House in Film*, London: Reaktion Books, 2008, bls. 31.

brattri hæð“ (7). Nafnið á blokkinni vísar til rökkurs eða hálfdimmrar nætur, *húm*, og sömuleiðis til landsvæðis sem gjarnan er umlukid fjallgörðum, *dalir*.³⁶ Húmdalir geta því vakið upp hugrenningatengsl við myrkur, enda verða hræðilegir atburðir gjarnan að veruleika í skjóli nætur. Sömuleiðis vísar nafn blokkarinnar til innilokunar þar sem steypuveggir hennar afmarka svæði sögupersónanna og loka þær inni líkt og fjöll sem umlykja dali.

Blokkin Húmdalir er nánast manngerð og gefur innilokun íbúanna það enn frekar til kynna; „ellefu hæða skeifa sem valði breiðum steypuörmum sínum um útivistarsvæði“, „[k]jafur blokkarskeifunnar sneri að fjöllunum“, „[a]rmar blokkarinnar veittu dágóða vörn gegn vindinum“ og „runnarnir á múrnum [...] misstu laufblöð sín og stóðu vörð í mistrinu, berir og renglulegir með þyrnóttum kvistum“ (7–8).³⁷ Framsetning sögusviðsins er óvenjuleg og minnir blokkinn helst á einhvers konar fangavörð sem innilokar þær „nú hundruð sálir“ (7) sem þar búa. Ekki verður hún frýnilegri þegar börnin uppgötva að skrímslið og blokkinn hafa sameinast eins og hér kemur fram:

Það var eins og öll blokkinn væri veik, með einhvers konar smitsjúkdóm, hlaupabólu eða mislinga. Hún var öll þakin stórum, svörtum blettum sem hreyfðust, iðuðu og þöndust út, skruppu saman aftur og virtust fljóta út úr steypunni eins og gufukennð þoka. [...] Og svo heyrdi [Brynja] hjartsláttinn. Hann var lágvær í fyrstu en hækkaði fljótt þangað til hann bergmálaði í eyrum hennar, magnþrunginn og dynjandi. Hljóðið var samstiga útþenslunni á stóra blettinum, líkt og inni í honum væri hjarta sem slægi taktfast og örugglega fyrir alla blokkina, eins og blokkinn væri lifandi. Brynja hafði aldrei fundið til eins mikils ótta á ævinni, ekki einu sinni þegar hún var að kljást við náttskrímslið um nóttina. Þetta var eins og að uppgötva að maður stæði við hliðina

³⁶ Samkvæmt Sigrúnu Margréti Guðmundsdóttur vísa titlar hryllingssagna gjarnan til reimleikahússins sem gefur því meira vægi en ella. Hún tekur sem dæmi *Haunting of Hill House* (1959) eftir Shirley Jackson og *The House Next Door* (1987) eftir Anne Rivers Siddons. Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „Tveggja hæða hús á besta stað í bænum“, bls. 137. Annað dæmi um þetta er að finna í íslensku kvikmyndinni *Rökkur* (2017) sem Sigrún Margrét hefur tekið til greiningar þar sem hún segir nafn sumarbústaðarins, sem túll kvikmyndarinnar vísar til, gefa til kynna að þar sé myrkur komið inn. Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „Hann er bara á vondum stað“. Reimleikahús í kvikmyndinni *Rökkri* eftir Erling Óttar Thoroddsen“, *Ritið* 1/2019, bls. 101–136, hér bls. 131. Fleiri slík dæmi eru til að mynda skáldsagan *Slade House* (2015) eftir Dave Mitchell og sjónvarpsþáttaserían *The Haunting of Bly Manor* (2020) úr smiðju Mike Flanagan.

³⁷ Hér má finna aðra vísun í þyrnirunnana sem vekja upp hugrenningatengsl við ævintýrið um svefnríki *Þyrnirósar*.

á gríðarstórum sofandi rísa sem væri í þann veginn að vakna úr dvala. Hún fann hvernig fætur hennar urðu máttlausir, fannst hún þurfa að setjast, leggjast, grafa sig niður, loka á þessa hræðilegu sýn (178).

Ókennileikinn altekur Brynju þegar hún stendur frammi fyrir þessu lifandi hryllingshúsi og viðbrögð hennar endurspeglar afneitunina sem hún hefur ríghaldið í. Ekkert hinna fullorðnu getur séð blokkina í þessu ljósi enda er það aðeins á færi útvalinna barna að átta sig á leyndarmálum Húmdala. Bókmenntafræðingurinn Sigrún Margrét Guðmundsdóttir hefur bent á að grunneiningar reimleikahússfrásagna séu húsið sjálft og leyndarmálin sem það geymir og eru reimleikarnir þá táknræn birtingarmynd hins dulda.³⁸ David Punter er á svipuðum slóðum í sínum skrifum en hann segir að kjarna hins gotneska megi finna í draugaganginum sem raskar mörkum tímans og vekur upp ókennileika gagnvart óheftum krafti minninga og tráma. Ógnin felst því í endurkomu hins liðna og afhjúpun hins ósagða.³⁹ Mikilvægt er að hafa í huga að reimleikarnir sem ásækja söguheiminn geta endurspeglad sálrænt tráma í menningarlegu samhengi og eru því ekki alltaf bókstaflegir draugar í þeim skilningi að þeir séu framliðnir einstaklingar.⁴⁰ Í Húmdölum felast reimleikarnir í uppsöfnun hinna neikvæðu athafna og hugsana sem nært hafa ófreskjuna og gert henni kleift að dreifa sér um blokkina líkt og Brynju verður ljóst.

Í bókinni *Danse Macabre* (1981) greinir hrollvekjuhöfundurinn Stephen King ýmsa þætti reimleikahússins. Hann líkir slíkum húsum við rafgeyma og segir að tilfinningar og upplifanir fólks safnist saman innan þeirra. Húsið dælir geðhrifunum út í umhverfið og reimleikarnir eru því endurkast liðinna atburða sem afhjúpa sögu hússins. Þess vegna verða staðir þar sem slæmir atburðir hafa átt sér stað að reimleikahúsum, eða „slæmum stöðum“ (e. *Bad Place*) líkt og King kallar það.⁴¹ Skýran samhljóm má sjá með skilgreiningu King og skáldsögu Jökuls þar sem slæmar tilfinningar, eða neikvæðar hugarbylgjur (275), safnast saman í Ísaki líkt og hann sé rafgeymir í hleðslu. Neikvætt andrúmsloft blokkarinnar verður

³⁸ Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „Tveggja hæða hús á besta stað í bænum“, bls. 137 og 156.

³⁹ David Punter, „The uncanny“, bls. 136. Þessi greining á hinu gotneska rímar að miklu leyti við sálgreiningar-kenningar Freud en hann taldi taugaveiklun stafa af endurminningum sjúklinga sem yllu þeim þjáningu. „Sjúkdómseinkenni þeirra eru leifar og minningartákn tiltekinna atvika, sem hafa valdið sálrænum áföllum.“ Sigmund Freud, *Um sálgreiningu*, bls. 47.

⁴⁰ Andrew Smith, „Hauntings“, *The Routledge Companion to Gothic*, ritstjórar Catherine Spooner og Emma McEvoy, London: Routledge, 2007, bls. 147–154, hér bls. 148.

⁴¹ Stephen King, *Danse Macabre*, New York: Everest House, 1981, bls. 253.

Ísaki loks um megn og innra með honum verður til „slímugur belgur“ (92) sem hann neyðist til að kasta upp. Uppsöfnun Ísaks verður að skrímslinu sem ásækir Húmdali og vex það og eykur mátt sinn með því að þrífast á erfiðum og sársaukafullum upplifunum íbúanna. Það er því fyrri reynsla þeirra sem ásækir hóbýlin og endurkoma fortíðarinnar veldur bæði örvinglun og angist. King segir sérstakan ókennileika fylgja því ef ásóknin á sér stað inni á heimilum sögupersóna, þar sem þær eiga að finna til öryggis en eru þess í stað innilokaðar með því illa.⁴² Hrollinn í slíkum frásögnum má oft rekja til ódæðis fjölskyldumeðlima⁴³ og í sögu Jökuls er sekt foreldranna gagnvart eigin börnum hið ósagða sem ekki hefur verið gert upp og kemur til með að hafa hræðilegar afleiðingar.

Hinir gotnesku draugar eru táknrænir fyrir bælda fortíð sem sögupersónur þurfa að mæta enda segir Sigrún Margrét að reimleikahús séu „grafreitir gotneskra leyndarmála sem ekki má ræða, en jafnframt eru þau staðir þar sem leyndarmálin lifna við – og ganga aftur.“⁴⁴ Innlokun sögupersóna í slíkum aðstæðum er einkennandi fyrir gotneskan skáldskap og hefur fylgt hefðinni allt frá hinni upphaflegu gotnesku skáldsögu *The Castle of Otranto*.⁴⁵ Samkvæmt King þarf ógnin sem steðjar að þeim sem lokast inni ekki að vera utanaðkomandi heldur getur hún endurómað eigin innri vanda persónanna. Sálarlíf einstaklingsins er því tekið til umræðu í gotneskum bókmenntum en reimleikahúsið getur einnig endurspeglað minnkaða útgáfu af samfélaginu sem sagan sprettur úr og varpað ljósi á mein þess.⁴⁶

Hryllingurinn sem á sér stað í blokkinni Húmdölum er endurvarp af vanda íbúanna sem þar búa en um leið varpar frásögnin ljósi á líf lægri stéttar samfélagsins sem skáldsagan sækir til. Að því leyti sver verkið sig í ætt við bandarískar hrollvekjur sem eiga uppruna sinn að rekja til gotneskrar skáldskaparhefðar en í þeim er gjarnan lögð áhersla á menninguna og vankanta hennar.⁴⁷ Innan hins bandarísk-gotneska skáldskapar er samfélagsgerðin krufin og athyglinni er beint

⁴² Sama rit, bls. 255.

⁴³ Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „Tveggja hæða hús á besta stað í bænum“, bls. 150. Sigrún Margrét segir ýmsar ástæður geta legið að baki því að sögupersónur læsast inni í reimleikahúsum. Fjárhagslegar þrengingar geta verið orsakavaldur innilokunarinnar og í því samhengi nefnir Sigrún tvær bandarískar hrollvekjur sem notið hafa mikilla vinsælda, þær *Amityville Horror* og *The Shining*, sem dæmi um hryllingsfrásagnir þar sem fjölskyldur leggja allt að veði og festast í kjölfarið inni í reimleikahúsunum. Sama rit, bls. 142.

⁴⁴ Sama rit, bls. 136.

⁴⁵ Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „Hann er bara á vondum stað“, bls. 101.

⁴⁶ Stephen King, *Danse Macabre*, bls. 267. King tekur skáldsögu Shirley Jackson *The Haunting of Hill House* sem dæmi um slíka sögu ásamt fleiri frásögnum.

⁴⁷ Teresa A. Goddu, „American Gothic“, *The Routledge Companion to Gothic*, ritstjórar Catherine Spooner og Emma McEvoy, London: Routledge, 2007, bls. 63–72, hér bls. 71.

að fórnarkostnaðinum sem hún felur í sér.⁴⁸ Slík frásagnartækni er sérlega áberandi í undirgrein bandarísku hefðarinnar, úthverfagotnesku (e. *suburban gothic*), þar sem tekist er á við úthverfavæðingu í bandarískum borgum og þann vanda sem hún hefur haft í för með sér. Stíllinn í þessum sögum er uppfullur af andstæðum þar sem úthverfadraumurinn og úthverfamatröðin mætast. Söguumhverfið lofar heimilislegu yfirborði sæluríkis en undir niðri kraumar óhamingja og innilokun sem ásótt er af hinum duldu hættum sem standa nær en þær virðast. Hversdagslegt úthverfið er gert grunsamlegt í frásögnum úthverfagotneskunnar og í bakgrunni má finna óttann við skelfileg leyndarmál íbúanna. Nágranninn eða eigin fjölskyldumeðlimur eru þeir sem sögupersónum stendur mesta ógnin af og yfirleitt eru ungmenni eða börn í mestri hættu. Ókennileiki sagnanna felst í því að hryllingurinn leynist heima fyrir og því tengist reimleikahúsið þessari frásagnaraðferð sterkum böndum.⁴⁹

Þræði úthverfagotnesku má finna í sögunni um börnin í blokkinni Húmdölum sem stendur í útjaðri borgar söguheimsins og endurspeglar samfélagslegan vanda í raunheimi. Blokkinn er þó í andstöðu við hið hefðbundna reimleikahús bandarísku hefðarinnar sem vanalega er reisulegt einbýlishús sem sögupersónur kaupa á verði sem reynist vera of gott til að vera satt og felur í sér dulinn fórnarkostnað. Húmdalir er gríðarstórt fjölbýlishús og gefið er til kynna að leigan sé ódýrari þar en annars staðar, og ekki að ástæðulausu. Þar hínast alls konar íbúar, sem sumir eru ekki álitlegir nágrannar, og alls kyns vanda má finna inni á heimilum barnanna sem sagan hverfist um; heimilisofbeldi, vanrækslu, alkóhólisma, atvinnuleysi, lítill fjárráð og andleg veikindi. Líkt og í hinum bandarísku frásögnum virðist útlit blokkarinnar hversdagslegt og meira að segja líflegt með öllum þeim fjölda barna sem leika sér á leikvöllunum í kring en inni í íbúðunum á misferlið og óhugnaðurinn sér stað.

Arkitektúr reimleikahúsa hefur þróast í takt við breytingar á hönnun híbýla í samtímanum.⁵⁰ Því vekur nútímalegur stíll Húmdala í sambland við drungalegt yfirbragðið upp ókennileikatilfinningu þar sem ásýnd blokkarinnar er kunnugleg, en samt ekki, og gerir kunnugleikinn reimleikahúsið enn dularfyllra.⁵¹ Húmdalir er þó ekkert venjulegt fjölbýlishús og vekur ótrúleg stærðin og hinn mikli

⁴⁸ Sama rit, bls. 63.

⁴⁹ Bernice M. Murphy, *The Suburban Gothic in American Popular Culture*, London: Palgrave Macmillan, 2009, bls. 2–3. Skáldsagan *The Stepford Wives* (1972) eftir Ira Levin er gott dæmi um frásögn í anda úthverfagotnesku. Sömmuleiðis má nefna kvikmyndir á borð við *Poltergeist* (1982) og *Us* (2019).

⁵⁰ Sigrún Margrét Guðmundsdóttir, „Hann er bara á vondum stað“, bls. 102.

⁵¹ Barry Curtis, *Dark Places*, bls. 11.

íbúafjöldi upp hugrenningatengsl við hugsanlegar hliðstæður blokkarinnar í raunheimi. Þegar rýnt er í samfélagslega umræðu frá útgáfutíma skáldsögunnar kemur í ljós forvitnilegur samanburður þess efnis í skrifum sagnfræðingsins Braga Bergssonar frá árinu 2004 þar sem hann fjallar um hraða uppbyggingu Breiðholtshverfis á höfuðborgarsvæðinu á seinni hluta tuttugustu aldar.⁵²

Í greininni sem ber titilinn „Fellapakkið í gettóinu“, og birtist í tímaritinu *Sagnir*, fjallar Bragi sérstaklega um Fellahverfið þar sem mörg fjölbýlishús risu á skömmum tíma fyrir tilstilli stjórnvalda og mikið magn íbúða komst í umferð. Sérstaklega er minnst á þrjú hundruð og tuttugu metra langa byggingu sem reist var eftir endilöngu hverfinu í þeim tilgangi að ná fram hámarkssparnaði. Í fjölbýlishúsinu sem hlaut viðurnefnið „langavitleysan“ eru tvö hundruð íbúðir og áætlaður íbúafjöldi um sjö til átta hundruð.⁵³ Minnir þetta um margt á stærð Húmdala þar sem sjö stigagangar gnæfa yfir á ellefu hæðum og þrjú hundruð og fimmtán íbúðir hýsa um níu hundruð íbúa. Þegar slík stórhýsi og heilu hverfin rísa getur það haft töluverðar afleiðingar í för með sér líkt og Bragi reifar í umfjöllun sinni um Breiðholt. Mikill fjöldi fólks sem ekki hafði áður átt kost á því að eignast húsnæði gat loksins látið af því verða en stjórnvöldum tókst illa að koma til móts við þær félagslegu og menningarlegu kröfur sem búferlaflutningar í svo stórum stíl hafa í för með sér. Þar að auki gengu framkvæmdirnar sjálfar misjafnlega og efasemdir manna gagnvart skipulagi hverfisins komu snemma fram. Bragi vísar í ævisögu stjórnámamannsins og verkalýðsleiðtogans Guðmundar J. Guðmundssonar sem hafði þetta að segja um uppbygginguna:

Mestu mistökinn voru líklega að byggja lönguvitleysuna í Fellahverfinu.

Það var sérvíska arkitekta sem vildu byggja lengstu blokk á Norðurlöndum. Bygðin í Efra-Breiðholti er alltof þétt og það stórspillti hverfinu.⁵⁴

Bragi tekur einnig fyrir samfélagslega umræðu frá upphafi áttunda áratugarins sem endurómaði áhyggjur af stéttaskiptingu þjóðfélagsins og samansöfnun þeirra efnaminni í Breiðholti. Hann vekur sérstaka athygli á þeim vanda sem slíkt fyrirkomulag getur haft í för með sér og vísar í skýrslu félagsráðgjafa frá árinu 1975 því til stuðnings þar sem áhyggjuraddir voru þegar komnar fram vegna félagslegra vandamála í hverfinu. Þar er það einnig gagnrýnt að allar félagslegar íbúðir í Breiðholti voru staðsettar í Fellahverfinu þrátt fyrir að mikill

⁵² Bragi Bergsson, „Fellapakkið í gettóinu“, *Sagnir* 1/2004, bls. 66–73, hér bls. 66.

⁵³ Sama rit, bls. 67.

⁵⁴ Sama rit, bls. 67.

skortur væri þar á félagslegri þjónustu. Reynslan leiddi í ljós að nemendur í Fella-skóla glímdu við meiri námsörðugleika en á öðrum stöðum í borginni og töldu kennarar það komið til vegna félagslegs vanda nemenda, sem stafaði ýmist af slæmum fjölskylduaðstæðum eða erfiðleikum í samskiptum. Á þessum tíma hafði neikvæð umræða gagnvart hverfinu þegar myndast og telur Bragi við upphaf 21. aldarinnar að spá félagsráðgjafanna um áframhaldandi félagslegan vanda á svæðinu hafi að vissu leyti ræst.⁵⁵

Ádeila felst í líkindum Húmdala og „lönguvitleysunnar“ sem dregur fram misjöfn tækifæri barna eftir búsetu og heimilisaðstæðum. Í blokk söguheimsins fær ýmislegt að þrífast í skjóli þöggunar inni á heimilum persónanna þar sem enginn sem sjálfur hefur eitthvað að fela gerir athugasemd við vafasama hætti nágrannans. Vandinn sem slíkar byggingar geta haft í för með sér átti erindi í samfélagslegri umræðu á útgáfutíma verksins enda gátu byggingarframkvæmdir í úthverfum Reykjavíkurborgar á árunum fyrir hrun minnt um margt á hraða uppbyggingu Breiðholts frá öldinni á undan. Þessa umræðu mátti til að mynda sjá í fréttamiðlum og sem dæmi hélt fasteignasalinn Sigurður Hjaltsted uppi vörnum fyrir Grafarholt í viðtali við *Morgunblaðið* árið 2001. Þar minnst hann á neikvæða umræðu gagnvart hverfinu sem hann gerir lítið úr og segir vera óþarfa.⁵⁶ Skáldsaga Jökuls endurspeglar áhyggjur af búsetutengdri stéttaskiptingu sem fléttast inn í samfélagsrýni verksins þar sem staða barna og misskipting innan þjóðfélagsins er gerð miðlæg.

„*Heldurðu að ég sé gedveikur, pabbi?*“

Börn eru þungamiðja skáldsögunnar *Börnin í Húmdölum* og í gegnum alla söguna er upplifun þeirra sett í forgrunn. Í upphafskaflanum er söguumhverfinu lýst á nokkuð hlutlausan máta en þó út frá sjónarhóli barnanna með áherslu á leiksvæði þeirra og athafnir. Sjónarhornið færast í framhaldinu enn nær reynsluheimi þeirra og inn á heimilin, en vitundarmiðjan flakkar á milli persónanna. Sögumaðurinn fylgir tilteknu barni eftir í hverjum kafla fyrir sig og takmarkast sýn hans við skilning þess á eigin aðstæðum.

Áhugavert er að skoða stöðu skáldsögunnar í sögulegu samhengi og bera hana saman við almenna umfjöllun um ofbeldi gegn börnum. Bókmenntafræðingurinn Dagný Kristjánsdóttir segir að löngum hafi heimilið staðið fyrir utan samfélagslega umræðu þar sem það var talið vera gríðastaður fjölskyldunnar sem skyldi látinn ósnertur. Heimilið er þó sá staður þar sem konur og

⁵⁵ Sama rit, bls. 67–72.

⁵⁶ Magnús Sigurðsson, „Gott útsýni einkennir nýjar íbúðir Járnendingar við Kristni-braut“, *Morgunblaðið*, 14. ágúst 2001.

börn verða helst fyrir ofbeldi. Þöggun ríkti gagnvart þessu viðfangsefni lengi vel og segir Dagný að það megi til að mynda sjá í því að sá hluti höfundarverks Halldórs Laxness sem sýndi og sagði frá ofbeldi gegn konum og börnum var á tíma bannsvæði í allri menningarlegri umræðu.⁵⁷ Samkvæmt henni tóku brestir í „þagnarmúrinn“ ekki að myndast fyrir en á níunda áratug síðustu aldar.⁵⁸ Árið 1982 opnaði Kvennaathvarfið sem tók á móti bæði konum og börnum sem orðið höfðu fyrir heimilisofbeldi en á þeim tíma var ríkari áhersla lögð á ofbeldi gegn fullorðnum konum. Síðar meir tók Kvinnalistinn þetta málefni til umræðu og miðlaði meðal annars fræðslu um ofbeldi gegn konum og börnum í tímaritinu *Vera*.⁵⁹ Árið 1990 opnuðu svo Stígámót sem Dagný segir hafa valdið „algjörum straumhvörfum í þessum málaflokki.“⁶⁰

Á útgáfutíma skáldsögu Jökuls var umræðan um ofbeldi gegn börnum þó enn nokkuð viðkvæm og segir Dagný að þagnarmúrinn hafi í raun ekki brostið fyrir en ári eftir útgáfu hennar með verkinu *Myndin af þabba. Saga Thelmu* (2005) sem Gerður Kristný skráði eftir endurminningum Thelmu Ásdísardóttur af því ofbeldi sem hún og systur hennar urðu fyrir af hendi föður þeirra í barnæsku.⁶¹

⁵⁷ Dagný Kristjánsdóttir fjallar sérstaklega um þetta umfjöllunarefni í verkum Halldórs Laxness og ádeiluna sem það fól í sér í nýlegri grein sinni: „Litlar stelpur“, *Tímarit Máls og menningar* 1/2023, bls. 5–13.

⁵⁸ Hér er vert að nefna að rithöfundurinn Vigdís Grímsdóttir tók þátt í að mynda þessa bresti. Árið 1989 kom út skáldsaga hennar *Ég er Ísbjörg. Ég er ljón* sem fjallar um kynferðislegt ofbeldi og leynd og ljós áhrif þess á aðalsögupersónu verksins. Eins og bókmenntafræðingurinn Guðrún Steinþórsdóttir hefur bent á er bókin sömuleiðis ádeila á ósanngjarnt réttarkerfi og samfélagsgerð sem hafnar þolendum. Á sínum tíma vakti skáldsagan upp mikil og sterk viðbrögð og þá ekki síst vegna þess að í textanum er sífjaspell gefið til kynna, sem persónan varð fyrir á barnsaldri auk þess sem fjallað er um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og vændi. Þrátt fyrir að Vigdís hafi hlotið mikið lof fyrir að opna á þetta viðkvæma umræðuefni fékk hún líka að finna fyrir reiði almennings og ásóknum. Guðrún Steinþórsdóttir hefur fjallað um viðtökur skáldsögunnar og höfundarverk Vigdísar í heild sinni. Sjá nánar; Guðrún Steinþórsdóttir, *Raunveruleiki hugans er ævintýri. Um valdar sögur Vigdísar Grímsdóttur, einkenni hennar og viðtökur*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2021; Guðrún Steinþórsdóttir, „Sek eða saklaus?“, *Frændafundur* 11, 2023, væntanleg. Fleiri skáldsögur Vigdísar sem taka fyrir málefni kynferðislegs ofbeldis eru til að mynda; *Stúlkan í skóginum* (1992); *Frá ljósi til ljóss* (2001); *Hjarta, tungl og bláir fuglar* (2002); og að sjálfsgöðu *Disusaga* (2013), sem er uppgjör Vigdísar sjálftrar við fortíðina.

⁵⁹ Dagný Kristjánsdóttir, „Sögur af börnum – svikum, ofbeldi og misnotkun“, *Tímarit Máls og menningar* 4/2020, bls. 18–41, hér bls. 18–20.

⁶⁰ Sama rit, bls. 20.

⁶¹ Sama rit, bls. 20. Dagný minnst sérstaklega á fyrri skrif Gerðar um kynferðislega misnotkun og ofbeldi gegn konum og telur vinnu hennar í þessum málaflokki hafa gert það að verkum að Gerður gat skráð sögu Thelmu með þeirri innsýn sem raun bar vitni. Hér er vert að minnast á grein þeirra Öldu Bjarkar Valdímarsdóttur og Guðna Elíssonar sem

Verkið opnaði á nauðsynlegt samtal innan þjóðfélagsins og markaði að vissu leyti ákveðin tímamót er varðar þetta málefni. Í viðtali við *Fréttablaðið* árið 2005 sagði Guðmundur Rúnar Árnason, bæjarfulltrúi og formaður fjölskylduráðs í Hafnarfirði, þar sem Thelma ólst upp, til að mynda að hann teldi framtak hennar og Gerðar Kristnýjar bæði þarft og djarft. Hann sagði einnig að mikilvægt væri að halda umræðunni á lofti því mál líkt og hennar mættu ekki falla í gleymsku.⁶²

Á þessum miklu breytingatímum í samfélagslegri umræðu um ofbeldi gegn börnum kemur skáldsaga Jökuls út þar sem staða barna og óréttlæti í þeirra garð er gert miðlægt. Ljósí er varpað á vankanta menningarinnar og er umfjöllunarefninu miðlað á forsendum hryllingsins, enda er hið gotneska gjarnan tjáningarmiðill fyrir það sem of erfitt er að ræða berum orðum. Í hrollvekjum samtímans má víða finna barnungar sögupersónur en eitt þekktasta dæmið frá fyrri tímum kemur úr skáldsögunni *The Turn of the Screw* eftir Henry James sem kom út árið 1898.⁶³

Margt hefur verið skrifað um hið gotneska barn og hafa ýmsir bókmenntafræðingar lagt fram hugleiðingar þess efnis líkt og Sue Walsh sem segir gotneskan skáldskap eiga í flóknu og sérstöku sambandi við barnæskuna. Hið gotneska fjallar iðulega um það sem leynist undir yfirborðinu og í slíkum verkum hefur barnið margoft verið túlkað sem sú birtingarmynd sjálfsins sem geymir hið ómeðvitaða, órókrétta, dulda og bælda.⁶⁴ David Punter segir tímamóta-

fjallar um ljóðabókina *Drápu* eftir Gerði Kristnýju sem einnig er byggð á raunverulegri ofbeldisfrásögn. Alda og Guðni koma sérstaklega inn á það misræmi sem Gerður mætti í móttökunum á útgáfu bókarinnar um Thelmu og svo þann áfelligsdóm sem hún fékk fyrir að hafa í tímaritinu *Mannlíf* birt frásögn nafnlausrar konu af ofbeldi sem hún varð fyrir í æsku og þeim afleiðingum sem það hafði haft á hana. Nokkrum dögum fyrir birtinguna svipti konan sig lífi og þótti Gerður á þeim tíma hafa sýnt óvarfærni með birtingunni en aðeins tveimur árum síðar var umfjöllun hennar um sama málefni í tilfelli Thelmu tekið fagnandi. „Ég veit hvað höfuð þitt vó en þekki ekki síðustu hugsunina“. Ofbeldi, ábyrgð og fémínísk fagurfræði í *Drápu* eftir Gerði Kristnýju“, *Ritid* 3/2018, bls. 17–43, hér bls. 19.

⁶² Freyr Gígja Gunnarsson, „Thelma tekur þátt í málþingi“, *Fréttablaðið*, 28. október 2005.

⁶³ Sue Walsh, „Gothic Children“, *The Routledge Companion to Gothic*, ritstjórar Catherine Spooner og Emma McEvoy, London: Routledge, 2007, bls. 183–191, hér bls. 183.

⁶⁴ Sama rit, bls. 183. Í efturmála að endurútgáfu skáldsögunnar *Sólskínshestur* eftir Steinunni Sigurðardóttur, sem fyrst kom út ári síðar en *Börnín í Húmdölum*, eða árið 2005, fjallar Guðrún Steinþórsdóttir um hið gotneska barn í tengslum við einn af meginþráðum verksins, vanrækslu á börnum. Þar vísar Guðrún meðal annars í Sue Walsh og segir: „Í gotneskum verkum eru hlutverk barna iðulega táknræn en sakleysi þeirra og varnarleysi er oft nýtt til að draga fram óhugnað sögunnar. Börnin verða því eins konar boðberar málefna sem samfélagið hefur átt erfitt með að takast á við og í tilfelli *Sólskínshests* er það staða vanræktra barna í íslensku samfélagi á seinni hluta tuttugustu aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu og fyrstu.“ Guðrún Steinþórsdóttir, „Sólmyrkvi af mannavöldum“, Steinunn Sigurðardóttir, *Sólskínshestur*, Reykjavík: Forlagið, 2023, bls. 187–205, hér bls. 194.

verk Henry James endurspeгла áhuga höfundarins á barnæskunni, sem feli í sér tvíþætta merkingu. Þá sé æskan upprunastaður lyganna sem koma til með að stjórna framtíðarþroska einstaklingsins en sé sömuleiðis læst hvelfing sem hefur að geyma hið ómeðvitaða og bælda innra með honum.⁶⁵

Af þessu má sjá að bæling er rauður þráður í kenningum um hið gotneska barn sem gjarnan er talið varpa ljósi á óþægilegan sannleika innan menningarinnar. Ókennileikinn sem börn í gotneskum frásögnum vekja upp er kominn til vegna þess að þau eru táknræn fyrir vitneskjuna sem hinir fullorðnu hafa bælt niður og, meðvitað og ómeðvitað, ákveðið að leiða hjá sér. Börn eru því hin sjáandi í gotneskum skáldskap á meðan aðrar sögupersónur eru blindar á það sem amar að.⁶⁶ Þetta má sjá með skýrum hætti í verki Jökuls og er blindni umsjáraðila barnanna ákveðið leiðarstef í gegnum söguna. Eiginleg blindni Gunnlaugar, ömmu Ísaks, er eitt skýrasta dæmið. Fyrstu kynni lesenda af henni eru í þvottahúsinu þar sem hún verður á vegi þeirra Brynju og Nonna:

Hún sneri sér við og þreifaði fyrir sér með hvítum staf. Nonni og Brynja stórðu framan í hana skelfingu lostin. Andlit hennar var krumpað og alsett örur, líkt og hún hefði brennst, og augun í henni voru tóm og þakin hvíttri móðu. Nonni náði naumlega að kæfa óp sem hann fann vaxa innra með sér (17).

Ásýnd Gunnlaugar vekur upp skelfingu í huga barnanna enda hefur bælingin sem blindnin stendur fyrir hræðilegar afleiðingar fyrir þau. Rétt áður en mestu hörmungar Húmdala ríða yfir rekur Gunnlaug, sem reynist vera móðuramma

⁶⁵ David Punter, *The Literature of Terror. A History of Gothic Fictions from 1765 to the Present Day. Volume 2. The Modern Gothic*, London: Longman, 1996, bls. 48. Þetta rímar við kenningar Freud sem taldi bælingu óæskilegra hvata eiga sér stað á mótunarárum einstaklingsins, frá barnæsku fram að hátindi kynþroskans. Sigmund Freud, *Um sálgreiningu*, bls. 92.

⁶⁶ Innan fræða sálgreiningar er blindni táknræn fyrir bælingu hins óbærilega. Freud vísaði í þessum efnum gjarnan til grísku goðsagnarinnar um Ódípús konung sem Forn-Grikkinn Sófókles gerði skil í samnefndum harmleik. Ódípús er dæmdur af örlögum til að drepa eigin föður og giftast móður sinni en hann reynir þó allt til þess að koma í veg fyrir það. Forspáin rætist þó á endanum honum óafvitandi og þegar Ódípús kemst að hinu sanna refsar hann sjálfum sér með því að blinda sig. Freud taldi leikverk Sófóklesar fela í sér líkindi við sálgreiningu þar sem sannleikurinn kemur smátt og smátt í ljós þar til hinn óbærilegi verknaður er afhjúpaður, ásamt hvötunum sem búa honum að baki. Sigmund Freud, *Inngangsfyrirlestrar um sálkönnun*, bls. 356. Blindan verður því táknræn fyrir það að einstaklingurinn vill ekki horfast í augu við eigin bælingu. „Enda þótt maður hafi bælt illar hvatir sínar niður í dulvitund og vildi gjarnan geta sagt sjálfum sér að hann bæri ekki ábyrgð á þeim, hlýtur hann engu að síður að finna til þessarar ábyrgðar sem sektarkennd án þess að vita ástæðu hennar.“ Sama rit, bls. 357.

Ísaks, sögu fjölskyldu sinnar. Samband hennar við einkadótturina Aðalheiði var ekki heilbriggt og jókst vandi þeirra enn frekar þegar eiginmaður Gunnlaugar lést. Hún fyrirleit ósjálfstæði dóttur sinnar, sem aldrei flutti að heiman, og furðaði sig á því þegar hún varð ólétt fyrir slysi. Faðir Ísaks var horfinn á brott skömmu eftir að drengurinn kom undir og spennustigið á milli mæðgnanna varð enn rafmagnaðra eftir fæðingu hans.

Fljótlega fóru Aðalheiður og Gunnlaug að kenna Ísaki um ástandið á heimilinu og varð sú síðarnefnda viss um að hann byggi yfir sérstökum fjarskynjunarhæfileikum. Hún sannfærði dóttur sína um að sonurinn yrði tekinn af henni ef hún leitaði aðstoðar vegna hans sem varð til þess að þær einangruðu sig innan veggja heimilisins og frá samskiptum við aðra. Amman agaði Ísak með líkamlegum refsingum en sagði að móðir hans hefði sýnt honum linkind sem henni hefndist fyrir síðar meir. Aðalheiður tók að óttast son sinn og kenndi honum um endurteknar martraðir sínar og svefnleysi. Gunnlaug varð ekki sannfærð um ábyrgð drengsins fyrr en nóttina sem óhamingjan sótti þau heim. Hún hafði vaknað með óþægilega tilfinningu og ákveðið að líta inn til dóttur sinnar. Þar lá Aðalheiður sem liðin í rúminu en lauk loks upp augum sem reyndust vera „kol-svört og dauð“ (274). Við þetta varð gömlu konunni svo brugðið að hún missti kerti úr höndum sér sem kveikti mikinn eld og kostaði hana heimilið, sjónina og dótturina (271–274).

Í þessu samhengi er áhugavert að líta til hugmynda fræðimannsins Steven Bruhm sem telur að gotneskar bókmenntir gjarnan afhjúpi gjarnan ákveðna þversögn í nútímahugmyndum um barnið. Annars vegar sé litið á það sem fullmótadan og „tilbúinn“ einstakling en hins vegar sem ófullkomna veru sem við fullnægjandi aðstæður getur mótast á réttan hátt.⁶⁷ Amma Ísaks lætur slíka þversögn stjórnna afstöðunni til drengsins en fljótlega eftir fæðingu hans er hún búin að ákveða að hann búi yfir sérstöðu sem geri hann hættulegan öðrum. Hún telur samt að uppeldisaðferðir geti breytt þróun mála og grípur þar af leiðandi fram fyrir hendurnar á dóttur sinni, móður Ísaks. Amman beitir því barnabarnið harðræði, einangrar hann frá öðrum og útilokar fjölskylduna frá samfélaginu.

Bruhm segir enn fremur að í gotneskum frásögnum nútímans séu þemu sálgreiningar gjarnan sett á svið og óttinn gagnvart því bælda fái útrás. Bælingin á rætur sínar að rekja til barnæskunnar þar sem það þarf að siðmennta barnið frá upphafi og banna því og skipa uns óæskilegar langanir og þrár hafa verið bældar. Þar af leiðandi verður til spennu gagnvart barninu, sem bæði er tákn-

⁶⁷ Sue Walsh, „Gothic Children“, bls. 183. Hér er vísað í Walsh þar sem frumheimild Bruhm hefur ekki verið útgefin en hugleiðingar hans um millibilsástand barnæskunnar fá að fylgja með þar sem þær varpa mikilvægu ljósi á greininguna.

mynd sálfræðilegs missis og dulinna langanna. Barnið minnir á þá staðreynd að einstaklingurinn er ófrjál og meðvitund hans takmörkuð og vekur það upp ókennileika gagnvart því dulvitaða sem brýst fram í hinum gotnesku textum.⁶⁸

Ótti Gunnlaugar beinist gegn Ísaki sem hún gefur til kynna að sé ábyrgur fyrir brunanum og því að eitthvað illt hafi tekið sér bólfestu í Aðalheiði. Frásögn ömmunnar er ekki ósennileg í ljósi atburða skáldsögunnar en innan hinnar gotnesku frásagnarhefðar má túlka hana á ólíkan veg og svipta hulunni af bældum og óæskilegum tilfinningum sögupersónunnar. Óbeit Gunnlaugar á feimni og óframfærni Aðalheiðar getur endurspeglad hennar eigin sjálfsefa og hatur, enda sækir hún í að loka sig af frá samfélaginu. Gjörðir sínar réttlætir hún með afsökunum og fær útrás fyrir tilfinningarnar með því að beina þeim að öðrum, fyrst að Aðalheiði og síðar Ísaki. Bæling hennar og óheilbrigð samskipti inni á heimilinu valda ranghugmyndum mæðganna og óuppgerðar tilfinningar fylla þær efasemdum í garð hvor annarrar, sem félagsleg einangrunin yfir upp.⁶⁹ Slík túlkun á fjölskyldusögunni dregur upp harmræna mynd af aðstæðum þeirra. Getuleysi Gunnlaugar til sjálfsskoðunar er algjört sem gerir blindu hennar táknræna og sýnir fram á að bælingin rænir hana ástvinum og sviptir hana öllum lífsgæðum.

Viðurkenning á slíkri staðreynd væri þó Gunnlaugu of sársaukafull og því reynist henni betur að beina neikvæðum tilfinningum sínum að Ísaki og yfirfæra uppruna þeirra á þá innri illsku sem hún telur hann búa yfir. Sambærilega bælingu má finna inni á heimilum fleiri barna í blokkinni. Heima hjá Nonna eru andleg veikindi móður hans hið ósagða og óþægilega í samskiptum fjölskyldunnar, ásamt fyrri sögu um áfengisvanda föðurins. Foreldrarnir forðast að ræða vandann við son sinn og einbeita sér frekar að áhrifunum sem hann hefur á þau sjálf. Samkvæmt bókmenntarýninum Dani Cavallaro stendur heimi hinna fullorðnu í raun

⁶⁸ Steven Bruhm, „The contemporary Gothic. why we need it“, *The Cambridge Companion to Gothic Fiction*, ritstjóri Jerold E. Hogle, Cambridge: Cambridge University Press, 2002, bls. 259–276, hér bls. 262–263.

⁶⁹ Freud taldi vitræna starfsemi hugans vinna eftir rökréttum leiðum þar sem skiljanleiki, tengsl og eining þyrftu að ná saman. Ef huganum berast upplýsingar sem ekki eru í réttum tengslum við fyrri rökvisi myndar hann nýtt kerfi til þess að öðlast skilning á hvers kyns skynvillum. Freud kemst svo að orði að „hinum sálræna efnivið hefur verið *skipað saman á ný* með nýtt markmið í huga. Og stundum þarf endurskipanin að vera gagnger til þess að niðurstaðan verði skiljanleg frá sjónarmiði kerfisins. Þannig auðkennist kerfi best af því að hægt er að finna tvær ástæður fyrir hverja afurð þess: ástæðu, sem byggist á forsendum kerfisins [...] og dulda ástæðu, sem vér hljótum að líta á sem hina eiginlegu virku og raunverulegu ástæðu.“ Sigmund Freud, *Tótem og tabú og Móse og eingyðistrúin*, þýðandi Sigurjón Björnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2004, bls. 120–121. Út frá því má geta að í samhengi við túlkunarleiðina gætu ranghugmyndir Gunnlaugar og dóttur hennar stafað af tilraun þeirra til að öðlast skilning á eigin bældu tilfinningum sem of sársaukafullt yrði að viðurkenna á annan máta.

ógn af börnum þar sem þau hafa óspillta sýn á samfélagið vegna sakleysis þeirra, reynsluleysis og einfaldni.⁷⁰ Faðir Nonna reynir að vera eins mikið fjarverandi og hann getur og móðirin vill helst verja dögum sínum í rúminu ótrufluð. Þess á milli kvarta þau yfir aðstæðum sínum við aðra eða rífast sín á milli í áheyrn Nonna, sem er neitað um að öðlast raunverulegan skilning á vanlíðan foreldranna.⁷¹

Sýn hans takmarkast við þær brotakenndu upplýsingar sem honum berast úr umhverfinu og óvissan veldur því að hann telur sig veikan á geði þegar skrímsli blokkarinnar fer að ónáða hann á kvöldin. „Heldurðu að ég sé geðveikur, pabbi?“ (85) spyr Nonni og leitar lausna í því sem hann þekkir. „Kannski... get ég fengið svona pillur, eins og mamma notar“ (85) stingur hann upp á en faðirinn segir ekki vera þörf á því. Það reynist foreldrunum of sársaukafullt að gera sér grein fyrir afleiðingunum sem heimilisaðstæðurnar hafa á Nonna og því reynir faðir hans að bæla niður þær tilfinningar sem samtalið vekur upp. Þegar Nonni spyr næst: „Er ég þá ekki eins og mamma?“ (86) kemur bælingin skýrt fram í viðbrögðum og líkamstjáningu föðurins sem svarar syni sínum ekki; herpir saman munninn, pírir augun og segir honum svo einfaldlega að fara að sofa.⁷²

⁷⁰ Dani Cavallaro, *The Gothic Vision. Three Centuries of Horror, Terror and Fear*, London: Continuum, 2002, bls. 135.

⁷¹ Í þessu samhengi er vert að minnst á grein Öldu Bjarkar Valdimarsdóttur „Á tímum VARANLEGRA ÁSTARSORGA“. Ástin, dauðinn og lesandinn í þremur skáldsögum eftir Steinunni Sigurðardóttur“ sem birtist í greinasafni hennar og Guðna Elissonar, *Hef ég verið hér áður? Skáldskapur Steinunnar Sigurðardóttur*, sem kom út hjá Háskólaútgáfunni árið 2011. Þar fjallar Alda um ástina í þremur verkum eftir Steinunni og þar á meðal ástar-sorgir fjarlægra foreldra í skáldsögunni *Sólskinshestur*. Frásögnin er nokkurs konar uppgjör aðalsögupersónunnar Lillu og líkt og í *Börnunum í Húmdölum* eru gotnesk einkenni notuð til þess að auka á óhugnað frásagnarinnar. Foreldrar Lillu eru of upptekin af eigin harmi og fortíð til þess að veita henni það atlati sem hún þarfnast sem veldur vissu persónuleikaleysi hjá henni. Þetta rímar við óöryggi Nonna sem til að mynda öðlast ekki mátt yfir hugaraffli sínu fyrr en í lokabardaga barnanna í verki Jökuls. Saga þeirra Lillu og Nonna kallast á enda eiga þau það sameiginlegt að fá ekki nægilega hlutdeild í lífi foreldra sinna. Guðrún Steinþórsdóttir tekur þennan þátt í verki Steinunnar til umræðu í eftirmála að nýrri endurútgáfu skáldsögunnar þar sem segir: „*Sólskinshestur* er ein mikilvægasta skáldsaga Steinunnar enda fjallar hún um málefni sem kemur öllum við; nauðsyn þess að vernda og virða börn. Í verkinu er einkar vel dregið fram hversu mikil áhrif vanræksla í æsku getur haft á líf einstaklings um leið og minnt er á hversu vandlega falið samfélagsmeinið er. Hryllingur sögunnar er lúmskur enda felst hann fyrst og fremst í afleiðingum þess að gera ekki neitt; bæði með tilliti til foreldranna sem láta afkvæmi sín algjörlega afskiptalaus og samfélagsins sem sefur á verðinum og bregst börnum sem þurfa á hjálp að halda.“ Guðrún Steinþórsdóttir, „Sólmyrkvi af mannavöldum“, bls. 204–205.

⁷² Líkamleg viðbrögð föðurins gefa í skyn innri baráttu hans og sársauka vegna þeirrar bælingar sem á sér stað. Siðferðisvitund hans gerir honum kleift að átta sig á því að vandi sonarins er kominn til vegna ófullnægjandi aðstæðna inni á heimilinu en viðurkenning á því er of sársaukafull fyrir hann að takast á við. Báðir foreldrarnir hafa bælt

Hugsanlega telja foreldrar Nonna að þau séu að hlífa honum við erfiðleikum heimilislífsins en börnin í sögunni eru næm fyrir tilfinningum sinna nánustu á sama hátt og þau eru næm fyrir hinum yfirnáttúrulegu kröftum. Þetta sést hvað best í sögupersónunni Brynju sem er óvenju þroskuð miðað við aldur og sem ófreskjunni stendur einna mesta ógnin af. Sjö ára gömul hefur hún reglulega áhyggjur af móður sinni og finnur fyrir ríkri ábyrgðartilfinningu gagnvart heimilinu. Móðir hennar er hjúkrunarfræðingur í vaktavinnu og þar sem þær mæðgurnar búa bara tvær einar hefur Brynja þurft að læra að bjarga sér sjálf og stundum sýna af sér meira sjálfstæði en hún treystir sér í raun til.

Mamma þurfti að vinna næturvakt á spítalanum svo að Brynja varð að háttu sig sjálf. Hún var vön því að bjarga sér en það hafði verið heima í gömlu íbúðinni. Hún kveið fyrir að vera skilin eftir ein í nýju umhverfi, en hún sagði ekkert, heldur herti upp hugann. [...] Brynju langaði að biðja mömmu að fara ekki en hún sagði ekki neitt. Hún vissi að það þýddi ekkert að væla. Mamma réð ekki vinnutímanum sínum og varð að hlýða þegar henni var sagt að koma. Annars fengju þær enga peninga og þá gætu þær ekki keypt neitt (34).

Lýsingin á heimilishaldinu og sjálfsbjargarviðleitni Brynju felur í sér ádeilu á fyrirkomulag samfélagsins og stöðu heilbrigðisstarfsfólks og einstæðra foreldra. Móðirin þarf að vinna langar og erfiðar vaktir til að ná endum saman og leggur Brynja sig alla fram við að létta undir með henni.⁷³ Upplifun stúlkunnar endur-

niður þá óæskilegu staðreynd að óbreytt ástand kostar þau öll miklar þjáningar en mótstaðan innan dulvitundar þeirra gerir þeim ókleift að bæta ráð sitt. Um slíkar raunir sálarinnar sagði Freud: „Eigum vér að trúa því að sjúklingurinn sem þjáist svo mjög af einkennum sínum, sem fær sína nánustu til að deila þjáningunni með sér [...] leggist á sveif með sjúkdómnum gegn þeim sem er að hjálpa honum? Hversu ósennileg hlýtur slík fullyrðing að vera! Og samt er hún rétt.“ Sigmund Freud, *Inngangsfyrirlestrar um sálkönnun*, bls. 310–311.

⁷³ Umfjöllunin um heimilisaðstæður Brynju er nokkuð áhugaverð í sambengi við skáldsöguna *Sólskinshest* eftir Steinunni Sigurðardóttur en þar eru foreldrar aðalsögupersónunnar Lillu virtir læknar í góðum efnum sem vanrækja skyldur sínar við eigin börn. Tímaleysi foreldranna skaðar sjálfsmýnd dótturinnar sem, líkt og móðir Brynju, gerist hjúkrunarfræðingur og tileinkar líf sitt vinnunni eins og foreldrar hennar sjálfrar gerðu. Andstæða frásagnanna felst helst í efnahag heimila hinna vanræktu dætra og hinni ólíku sjálfsmýnd sem þær þróa með sér. Brynja tileinkar sér sjálfstæði og hugrekki á meðan að óöryggi Lillu fylgir henni inn á fullorðinsárin, og þá sérstaklega í ástarmálum sem ætla má að spretti frá hinu flókna sambandi foreldra hennar. Steinunn Sigurðardóttir, *Sólskinshestur*, Reykjavík: Mál og menning, 2005. Þetta hefur Guðrún Steinþórsdóttir fjallað um í eftirmála að nýrri útgáfu skáldsögunnar þar sem segir meðal annars: „Vanrækslan

spjglar þau áhrif sem börn verða fyrir vegna fjárhagsvanda foreldra sinna og vegna samfélagsgerðar sem er þeim óvinveitt.

Hún fór með diskinn og glasið inn í eldhús og gekk vel frá öllu þar, þurrkaði meira að segja af borðunum þótt mamma hefði ekki beðið hana um það. Hún brosti þegar hún hugsaði til þess hvað mamma yrði glöð þegar hún kæmi heim og sæi allt hreint og fint. Ef hún tæki þá eftir því á annað borð. Mamma var alltaf svo þreytt þegar hún kom heim úr vinnunni og undanfarið hafði hún helst viljað sofa þegar hún var heima og lítið leikið við Brynju. En Brynja skildi alveg hvers vegna mamma vann svona mikið. Það var svo margt sem þurfti að borga, eins og námslánin sem mamma þurfti að taka þegar hún var að læra að verða hjúkrunarkona. Þess vegna höfðu þær líka flutt. Það kostaði miklu minna að leigja þessa íbúð en þá gömlu sem var bæði stærri og notalegri (35).

Samfélagsrýnin sem felst í sögu Brynju afhjúpar að ekki er gert ráð fyrir börnum innan vinnumenningar samtímans og enn síður ef foreldrar þeirra eru einstæðir. Eyðis vinkona Brynju er í sambærilegri stöðu og þarf hún ýmist að sýna af sér sjálfstæði eða treysta á velvild annarra þegar móðirin er ekki til staðar. Saga hennar leiðir í ljós annars konar bælingu innan samfélagsins og óttann gagnvart varnarleysi barna sem eiga einstæða foreldra og þurfa að stóla á aðstoð vandalausra.

„*Vertu stillt, fandiinn hafi það!*“

Móðir Eyðisar virðist eiga auðvelt með að skipta út elskhugum sem hún kynnir gjarnan fyrir dóttur sinni og vill það þannig til að einn þeirra er að passa stúlkuna kvöldið sem skrímslið ræðst til atlögu á íbúa blokkarinnar. Áður en átökin hefjast er Ragnar, „nýi pabbinn“ (45), að koma Eyðisi í háttinn og býðst hann til þess að lesa fyrir hana sögu fyrir svefninn. Hann tekur upp bók sem inniheldur nokkur ævintýri og er Eyðisi sama hvert þeirra hann velur svo lengi sem það er ekki *Hans og Gréta* því nornin minnir hana á blindu ömmu hans Ísaks (239). Slík textatengsl vísa til blindninnar og bælingarinnar í frásögninni og gefa til kynna að börnin í Húmdölum séu umkomulaus og í þörf fyrir leiðsögn, líkt og systkinin Hans og Gréta.

Ragnar endar á að velja ævintýrið um *Rauðhettu og úlfinn* sem má segja að sé

á systkinunum er ekki vel sýnileg fólki utan fjölskyldunnar en til að magna áhrif hennar fyrir lesendum er sífellt verið að tengja börnin, foreldra þeirra og heimilið við dauðann, reimleika og ókennilegar aðstæður. Það eykur óhugnað sögunnar að foreldrarnir eru starfandi læknar og því upplýstar manneskjur.“ Guðrún Steinþórsdóttir, „Sólmyrkvi af mannavöldum“, bls. 195.

viðeigandi þar sem hann reynist sjálfur vera úlfur í sauðargæru. Að lestri loknum sýnir hann sitt rétta andlit og reynir að misnota Eydísi kynferðislega:

Eydís barðist um en þá greip hann um handleggi hennar og þrýsti þeim niður í dýnuna, velti sér síðan ofan á hana og hélt henni pikkfastri, rak hnéð á milli fóta hennar og settist upp. Hún æpti en hann greip yfir munn hennar og kæfði öskrið. „Vertu bara stillt,“ tautaði hann móður. Andlitið var afmyndað í ljóta geiflu og það var einhver tómlegur æsingsglampi í augunum. „Vertu bara stillt og góð og þá verður þetta bráðum búið, þetta tekur enga stund ... vertu ... vertu stillt, fjandinn hafi það!“ (240).

Stúlkan er þó ekki nein Rauðhetta sem þarf veiðimann sér til bjargar enda hefur hún líkt og mörg önnur börn í blokkinni öðlast yfirnáttúrulega krafta. Í raun minnir hún meira á aðalpersónuna í ævintýrinu um *Garðabrúðu*, líkt og gefið er til kynna snemma í frásögninni þegar Eydís dáist að eigin síða og ljósa hári (42). Garðabrúða er þekkt fyrir hárrýði sína sem hún notar til þess að hleypa fólki upp í turninn þar sem hún er innilokuð.⁷⁴ Í ævintýrinu er það græðgi óléttrar móður stúlkunnar í jurtina garðabrúðu sem verður til þess að faðirinn gefur norn loforð um að ófætt barn þeirra verði hennar.⁷⁵ Garðabrúða endar því á valdi nornarinnar sem lokar hana inni og gengur henni í móðurstað. Móðurleg ást hennar þrýtur þó hratt þegar hún kemst að leynilegu ástarsambandi Garðabrúðu við prins sem hefur gert hana barnshafandi. Í hefndarskyni gerir nornin Garðabrúðu brottræka og lokkar prinsinn upp í turninn til þess að hrinda honum aftur niður. Við fallið lendir hann í þyrnirunna, þyrnarnir stingast í augu hans og blinda hann.⁷⁶

Í sögunni af Eydísi tekur blokkinn sér stöðu turnsins úr ævintýrinu og skilur móðir hennar hana þar eftir varnarlaus. Ragnar er enginn prins en hann hefur þóst ganga henni í föðurstað, líkt og nornin gerir gagnvart stúlkunni, og gert hana berskjaldaða með því að hylja sitt rétta eðli og blindað alla aðra. Í ævintýrinu einangrar brottrekstur Garðabrúðu hana frá einu manneskjunni sem elskar hana, prinsinum, og veldur henni miklum erfiðleikum.⁷⁷ Þjáningar hennar

⁷⁴ Í ævintýrinu kemur fram að Garðabrúða er með yndisfrítt hár, sem líkt er við fínofna gullþræði og liti þeirra. Philip Pullman, „Rapunzel“, *Grimm Tales. For Young and Old*, London: Penguin Group, 2013, bls. 58–64, hér bls. 60.

⁷⁵ Sama rit, bls. 58–59.

⁷⁶ Sama rit, bls. 61–62.

⁷⁷ Í ævintýrinu kemur fram að nornin sendir Garðabrúðu á óráðan stað þar sem hún fæðir tvíbura í heiminn og þolir miklar þjáningar, lifir við fátækt og heimilisleysi. „Þau [Garða-

kallast á við skömmina, sársaukann og einsemdina sem þolendur kynferðislegs ofbeldis ganga í gegnum og ógn slíkra örlaga vofir yfir Eydísi í senunni sem við tekur. Kraftarnir sem skrímslið hefur veitt henni gera það þó að verkum að hún getur tjáð sársaukann sem Ragnar veldur henni og náð fram hefndum líkt og sjá má í eftirfarandi lýsingu:

Eydís settist öskrandi upp á hnén í rúminu. [...] Ragnar lyfti höfðinu og greip ringlaður um eyrun á sér. Eydís sá að hann var líka byrjaður að öskra þótt hún heyrði það ekki. Andlitið á honum var eldrautt og augun galopin, full af skelfingu. Hún þyrlandi glerbrotunum af gólfinu og upp í loftið. Þau hvirfluðust í kringum Ragnar og rifu hold hans. [...] Höfuðið á Ragnari var svo rautt og þrútið [...]. Augun stóðu út úr andlitinu og tungan lafði út úr munninum. [...] Hann þrýsti höndunum enn að eyrunum og æðarnar þöndust út bæði á enni hans og hálsi. Skyndilega sprakk hausinn á Ragnari með háum hvelli [...] (241).

Glerbrotin sem skerast í Ragnar minna á þyrnana sem skaða prinsinn í ævin-týrinu og svipta hann sjóninni. Í örvæntingarfullri tilraun reynir hann að loka úti tortímandi óp Eydísar en sársaukafullt ákall hennar eftir björgun verður honum um megn og tætir hann í sundur. Þjáningin sem Ragnar gengur í gegnum reyn-ist táknræn fyrir sársauka barnanna og örvinglun Eydísar afhjúpar varnarleysi þeirra. Þessi atburður í skáldsögunni endurómar að vissu leyti þá flóðbylgju þol-endafrásagna, sem kallast á við öskur Eydísar, sem síðar á öldinni brutust fram í samfélagslegri umræðu og lögðu grunninn að #MeToo-byltingunni.⁷⁸

Sögur Eydísar, Brynju, Nonna og Gunnlaugar eru ólíkar að mörgu leyti en þær eiga það sameiginlegt að endurspeglar einhvers konar mein innan samfélagsins sem veldur börnum sársauka og óhamingju sé ekki horfst í augu við sannleikann. Í verkinu má finna fleiri frásagnir af börnum blokkarinnar sem leiða í ljós margvíslegar birtingarmyndir vandans sem vanræksla og höfnun geta

brúða og börnin] voru oft hungruð: Á veturna olli kuldinn því að þau urðu nánast úti, og á sumrin sveið þau brennandi sólin. Sama rit, bls. 61. Þýðing mín, upprunalegur texti: They were often hungry: in the winter they nearly perished of the cold, and in the summer they were scorched by the burning sun.

⁷⁸ Dagný Kristjánsdóttir vekur til að mynda athygli á þessu í grein sinni þar sem hún segir að hin hræðilegu mál, sem í ljós komu þegar umræðan um kynferðisofbeldi opnaðist að fullu, hafi vakið og eftt „þá reiði og réttlætiskennd sem leiddi meðal annars til #MeToo byltingarinnar og kröfunnar um að *ekkert* skyldi undan skilið, ofbeldismenn skyldu afhjúpaðir og látnir svara til saka.“ „Sögur af börnum“, bls. 18.

haft í för með sér. Stúlkan Halla nær til að mynda fullkomnu valdi á foreldrum sínum í kjölfar skilnaðar þeirra og fær þau til að þjóna öllum sínum barnslegu löngunum. Hún aftengist þeim algjörlega tilfinningalega og nær saga hennar að fanga þá staðreynd að börn þarfnast aga jafnt og atlætis og um leið að fullnægning langanna jafngildir ekki hamingju.

Drengurinn Aron lifir sömuleiðis við ranghugmyndir föður síns og tilefnislausar barsmíðar sem valda honum stöðugum ótta sem hann tekur út með því að níðast á minni máttar. Systkinin Bergur og Eva Mist læra einnig óheilbriggt samskiptamynstur heima fyrir, faðirinn tekur gremju sína út með því að beita móðurina ofbeldi, hún lætur reiðina ganga áfram með því að gefa syninum kinnhest mislíki henni athafnir hans eða viðmót og hann lærir að þagga niður í yngri systur sinni á sama máta. Hér hefur einungis verið kafað dýpra í nokkrar af þeim frásögnum sem Jökull afhjúpar í þeim tilgangi að varpa ljósi á þá víðtæku samfélagsrýni sem finna má í skáldsögunni.

Að lokum

Af þessari umfjöllun má sjá að í verkinu *Börnin í Húmdölum* er staða barna höfundu hugleikin. Málefnið er bæði marglaga og vandmeðfarið og notast Jökull við frásagnarmáta gotneskrar skáldskaparhefðar til þess að koma efninu til skila. Samfélagsrýni sögunnar er miðlað á forsendum hins hræðilega og yfirnáttúrulega og sver verkið sig því í ætt við aðrar gotneskar bókmenntir, sem gjarnan hafa tekið erfið málefni til umræðu. Í textanum má finna ýmis tengsl við kenningar sálgreiningar sem notaðar eru til að yfa upp óhugnað frásagnarinnar, í gegnum upplifanir persóna og myndmál. Reimleikahús hryllingssagnanna er fært yfir í íslenskan samtíma þar sem fordómar, innilokun og ofbeldi ásækja söguheiminn og börnin sem þar búa eru bæði hetjur frásagnarinnar og fórnarlömb. Blindni hinna fullorðnu gagnvart því óréttlæti og ofbeldi sem fær að þrífast óáreitt í nærumhverfi þeirra verður táknræn fyrir þöggun samfélagsins á erfiðum málefnum. Saga barnanna í *Húmdölum* afhjúpar það sem undir yfirborðinu kraumar í vitund þjóðfélags sem stendur á barmi nýs veruleika þar sem raddir barna og réttindi hljóta hljómgrunn.

ÚTDRÁTTUR

Meginumfjöllunarefni greinarinnar er skáldsagan *Börnin í Húmdölum* eftir Jökul Valsson og eru kenningar sálgreiningar notaðar til bókmenntafræðilegrar greiningar, ásamt frekari fræðum. Áhersla er lögð á gotnesk skáldskapareinkenni og er sögusvið frásagnarinnar borið saman við reimleikahúsið í bókmenntum og kvikmyndum. Í því skyni er vísað til samfélagslegrar umræðu er varðar stéttaskiptingu, búsetu og misjöfn tækifæri barna. Verkið er lesið í samhengi við almenna umfjöllun um osbeldi gegn börnum á útgáfutíma bókarinnar, við upphaf 21. aldarinnar. Kenningar um hið gotneska barn eru kynntar og fjallað er um hvernig barnungar söguhetjur endurspeglar gjarnan dulin samfélagsmeini í gotneskum frásögnum. Sýnt er fram á hvernig staða aðalpersóna skáldsögunnar afhjúpar blindni foreldranna og mismunandi birtingarmyndir óréttlætis í garð barna.

Lykilorð: Börn, sálgreining, gotnesk frásagnarfræði, reimleikahús, stéttaskipting, samfélagsrýni, kynferðisofbeldi, *Börnin í Húmdölum*, Jökull Valsson.

ABSTRACT

„He knew what was real and what was not“ – Gothic social critique in the novel *Börnin í Húmdölum* by Jökull Valsson

The main topic of this article is the novel *Börnin í Húmdölum* by Jökull Valsson which relies on the theories of psychoanalysis, as well as other disciplines. It focuses on the novel's gothic characteristics and the setting of the story is compared to the haunted house in literature and movies. In this respect references to social discussion regarding class division, housing, and unequal opportunities for children are taken into consideration. The novel is read in context with the general discussion of violence against children at the time of publication, at the beginning of the 21st century. Theories regarding the gothic child are presented and how the child protagonist commonly represents repressed social problems in gothic stories. It is established that the character's domestic situations reveal the blindness of the parents in the novel and different manifestations of injustice towards children.

Keywords: Children, psychoanalysis, gothic fiction, haunted house, class division, social analysis, sexual abuse, *Börnin í Húmdölum*, Jökull Valsson.

SUNNA DÍS JENSDÓTTIR

Meistaraneini í almennri bókmenntafræði

sdj21@hi.is